





Jón Steindór Valdimarsson:

## Sýnum styrk

**Sjaldan er góð vísa of oft kveðin er stundum haft á orði eða jafnvel að hún sé aldrei of hátt kveðin. Þetta eru orð að sönnu. Rauður þráður í málflutningi Samtaka iðnaðarins alla tíð – sannkallað leiðarstef í starfi þeirra – hefur verið óskin um stöðugleika. Tómt mál er að tala um heilbrigðan vöxt og sköpun verðmæta án stöðugleikans en án verðmætanna getum við ekki tryggt velsæld þegnanna.**

Stöðugleikinn verður ekki til af sjálfu sér og það krefst aga og ábyrgðar að halda honum við. Þar skiptir mestu að búa svo um hnúta að hann sé varanlegur og traustur, að ekki sé tjaldað til einnar nætur í þeim efnun.

Stöðugleiki byggir á mörgum traustum stöðum sem er skotið undir efnahagslífið. Það hefur okkur því miður ekki tekist að gera. Þvert á móti höfum við hagað okkar málum þannig að við höfum ýtt undir óstöðugleika og viðkvæmni í efnahagslífinu. Á það höfum við verið minnt með óþrymlegum hætti og munum á næstu árum súpa seyðið af því.

### Vogarskálar hagsmuna

Okkar bíður erfitt en alls ekki ófyrstíganlegt verkefni. Þar verður hvort tveggja í senn að takast á við verkefni til skamms tíma og langs. Úrlausn annars styður úrlausn hins. Brýnast til skemmri tíma er að greiða úr kreppunum þremur, bankakreppunni, gjaldryskreppunni og vaxtakreppunni. Það mun takast fyrir og betur ef án frekari tafa verður ákveðið að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru.

Það er fullreynt að við getum ekki treyst á eigin mynt og peningamálastjórn. Ef þessir grundvallarþættir eru ekki í lagi er tómt mál að tala um vöxt og aukna verðmætasköpun. Í þessum efnun verður einfaldlega að leita vars í skjóli af samstarfi innan Evrópusambandsins. Í því felst ekki uppgjöf heldur sýnir það styrk að hafa vit

á því að sækja sér liðsauka í erfiðum verkefnum. Það er kjarni samvinnu ESB-þjóðanna. Þessir hagsmunir bera höfuð og herðar yfir aðra hagsmuni en ekkert bendir til annars en að unnt sé að ná viðunandi samningum um aðild Íslands að ESB þegar öll lóð eru lögð á vogarskálarnar.

### Ný uppskrift

Í þessu riti sem hér er fylgt úr hlaði er sjónum beint að forsendum vaxtar og verðmætasköpunar. Segja má að við þurfum að taka til rækilegrar og gagnrýnnar endurskoðunar þá uppskrift sem við höfum stuðst við. Kakan er fallin og má kenna um ofnotkun lyftidufits, allt of mikið loft var komið í kökuna á kostnað grunnhráefnanna. Við verðum að skrifa nýja uppskrift sem skilar okkur þjóðarköku sem fellur ekki á bakstri loknum.

Framleiðsla og sala afurða og þjónusta á að vera í forgrunni. Starfsemi sem aflar þjóðarbúinu tekna frá útlöndum og veitir innflutningi verðuga samkeppni. Nýta á allar náttúruauðlindir af yfirvegum og skynsemi. Með markvissum hætti á að beita menntakerfinu til þess að auka og efla verk- og tækni hugsun í bland við hönnun og viðskipti. Efla á nýsköpun og rannsóknir í atvinnulífinu, bæði í gamalgrónum fyrirtækjum og með því að yta undir tilurð og vöxt sprotafyrirtækja.

Þrátt fyrir áföll og erfiðleika sem herja á okkur um þessar mundir megum við ekki gleyma því að tækifærin blasa við okkur hvert sem litið er. Við eigum auðlindir, mannauð og hugmyndir sem við þurfum að flétta saman af hugviti og fyrirhyggju ásamt því að skapa viðvarandi stöðugleika. Takist okkur það mun okkur vel farnast.

Þá er að láta verkin tala.



*Rauður þráður í málflutningi Samtaka iðnaðarins alla tíð – sannkallað leiðarstef í starfi þeirra – hefur verið óskin um stöðugleika.*



*Jón Steindór Valdimarsson  
framkvæmdastjóri*

## Vöxtur og verðmæti – Mótum eigin framtíð

Vöxtur og verðmæti – Mótum eigin framtíð er rit sem gefið er út af Samtökum iðnaðarins í tengslum við Iðnjóing 2009. Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík, veitti faglega ráðgjöf og sá um ritstjórn í samráði við Bjarna Má Gylfason og aðra starfsmenn SI.

Ritinu er ætlað að fjalla á aðgengilegan og einfaldan hátt um þá lykilþætti er ákvarða vöxt efnahagslífsins og þau verðmæti sem skapast. Áherslur í ritinu endurspeglar sýn iðnaðarins á hver sé skynsamleg þróun efnahagslífsins, hvaða tækifæri við þurfum að nýta og hvaða hagsmuni við þurfum að verja. Umgjörð og skipulag efnahagsstarfseminnar er fyrirferðamikil enda ljóst að

atvinnulífið verður varla sterkara en það umhverfi sem það starfar í.

Undirliggjandi þáttur í vali á efnisatriðum liggur í stefnumótun Samtaka iðnaðarins og þeim áherslum sem unnið er eftir í verkefnahópum samtakanna. Þannig eru atriði er lúta að almennum starfsskilyrðum, umhverfis- og orkumálum, nýsköpun og þróun, mennta- og mannaudsmálum fyrirferðamikil. Ritíð er hins vegar enginn tæmandi listi um þau atriði er varða efni þess. Öllu heldur er markmiðið að tæpa á mikilvægustu málaflokkunum sem brýnast er að sinna.

## Heimildir og gagnaveitur

Hagstofa Íslands  
Seðlabanki Íslands  
Fjármálaráðuneytið  
Viðskiptaráðuneytið  
Samkeppnisstofnun  
Fjármálaeftirlitið  
Vinnuálastofnun  
Rannís  
European Innovation  
Scoreboard 2008  
Hagsýn og framsýn og áráðin  
atvinnustefna (SA 2009)  
ASÍ  
OECD  
IMF

Hagfræðistofnun HÍ  
Eurostat  
Seðlabanki Evrópu  
Hagstofan í Finnlandi  
Hagstofan í Noregi  
Hagstofan í Svíþjóð  
Hagstofan í Danmörku  
Hagstofan á Írlandi  
Samtök iðnaðarins á Írlandi  
Forsætisráðuneytið á Írlandi –  
Creating the Smart Economy  
Fjármálaeftirlitið í Finnlandi  
Lög nr. 27 frá árinu 1999 og  
reglugerð nr. 812 frá árinu  
1999

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Útgáfustaður og ár: Reykjavík, 2009  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjórn: Ólafur Ísleifsson  
Ljósmyndir: Odd Stefán o.fl.  
Hönnun og umbrot: Hvíta húsið  
Prentun og frágangur: Svansprent



Ólafur Ísleifsson

## Endurreisn efnahagslífsins

**Íslenskt samfélag á nú allt undir því að efdar verði stoðir atvinnustarfseminnar í landinu. Til þess þarf í senn að viðhalda og bæta samkeppnisforsendur atvinnurekstrar á Íslandi. Efnahagsstefna stjórnvalda verður að miðast við að atvinnustarfsemi fái vaxið og dafnað í krafti eigin samkeppnishæfni en ekki á grundvelli verndarstefnu eða enn aukinna opinberra útgjalda.**

Banka- og gjaldeyrishrunið hefur leitt af sér að stór hluti atvinnufyrirtækja í landinu býr við óviðunandi fjárhagsstöðu og stefnir í þrot verði ekkert að gert. Þetta þýðir að vá steðjar að íslensku samfélagi sem fær ekki staðist nema í landinu dafni blómleg atvinnustarfsemi við hagfelld skilyrði. Sú vá lýsir sér ekki síst í alvarlegri hættu á atgervisflótta og að færri hendur þurfi að standa undir kostnaðarsömu velferðarkerfi í landinu. Með því væri velferðinni og um leið samfélagsgerðinni sjálfri ógnað.

Ísland er hluti hins alþjóðlega hagkerfis sem nú glímur við stórfellda erfiðleika austan hafs og vestan. Í þessu felst enn meiri áskorun en ella að tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Verkefnið er að fjölga arðbærum störfum á grundvelli samkeppnishæfrar atvinnustarfsemi en ekki verndarstefnu og ríkisbúskapar.

### Traust á alþjóðavettvangi

Engin atvinnustarfsemi getur keppt við atvinnulíf neins staðar í heiminum á lánakjörum sem fylgja ofurháum stýrivöxtum. Nágrannapjóðir hvarvetna hafa lækkað stýrivexti seðlabanka sem aðgerð til að halda hjólum atvinnulífs gangandi. Hér á landi hefur verið haldið uppi háum vöxtum sem ógna fjárhag Íslendinga. Lækkun vaxta er þess vegna forgangsverkefni. Um leið þarf að horfast í augu við að gjaldeyrishöftin standa atvinnulífina alvarlega fyrir þrifum. Þessi höft þarf að afnema með

markvissum hætti. Til að greiða fyrir afnámi haftanna þarf að sprengja burt snjóhengju krónubréfa með samningum við eigendur bréfanna.

Forsenda þess að efnahags- og atvinnulíf landsmanna nái að eflast og dafna til hagsbóta fyrir almenning er að skipan gjaldeyris- og peningamála verði felld í viðunandi horf. Þjóðin þarf gjaldmiðil sem er tækur í alþjóðlegum viðskiptum og nýtur trausts á alþjóðlegum vettvangi.

### Evrán blasir við

Tíminn til að marka framtíðarstefnu í gjaldeyris- og peningamálum er núna. Krónan ein á báti reyndist ekki skapa þá umgjörð um efnahagslífið sem það þarfnast. Íslendingum er mikilvægt að hasla sér völl í alþjóðlegu viðskiptalífi og til þess þarf gjaldgenga mynt sem tekin væri upp í góðu samstarfi við aðrar þjóðir eða ríkjasambönd.

Evrán blasir við sem framtíðargjaldmiðill um farveg umsóknar að Evrópusambandinu. Upptaka hennar leysir ekki allan efnahagsvanda hér á landi heldur breytir hún umgjörð efnahagslífsins og fellir ákvarðanir í annan farveg en áður. Með evrunni væri tekin upp alþjóðleg mynt sem myndi eyða óvissu og gengisáhættu sem stendur í vegi alþjóðlegra viðskipta af hálfu íslenskra aðila og myndar þröskuld sem erlendir fjárfestar hika við að stíga yfir þegar þeir íhuga þátttöku í íslensku atvinnu- og fjármálalífi. Full ástæða er til að leita eftir því við Evrópusambandið að Íslendingar fái samning um aðild að evrópsku myntsamstarfi svo fljótt sem kostur er.

Stjórnvöld verða að gera gangskör að því að ljúka uppgjöri nýju bankanna og ganga frá fjármögnun þeirra þannig að þeir hafi styrkan grunn til að sinna verkefnum sínum í þágu fyrirtækja og atvinnulífs. Stjórnvöld þurfa að gangast fyrir endurskipan í fjármálakerfinu til að gera það hagkvæmara og skilvirkara og greiða fyrir



*Verkefnið er að fjölga arðbærum störfum á grundvelli samkeppnishæfrar atvinnustarfsemi en ekki verndarstefnu og ríkisbúskapar.*

Þátttöku erlendra aðila í íslensku fjármálalífi. Ganga þarf frá samningum við erlenda kröfuhafa með þeim hætti að fallið sé til að endurheimta traust sem þjóðinni er nauðsynlegt til að öðlast sess í alþjóðlegu viðskipta- og fjármálalífi. Lífskjör á borð við það sem best gerist fást ekki með sjálfspurftarbúskap þannig að þjóðin búi ein að sínu heldur verður að reisa hagsæld á sterkum viðskiptatengslum við umheiminn, alþjóðavæðingu og opnum og frjálsum mörkuðum.

### Vaxtalækkun strax

Ríkissjóður stendur frammi fyrir alvarlegum vanda sem ráða verður bót á á næstu árum. Aðgerðir í því skyni þurfa að hafa að markmiði að spilla í engu samkeppnishæfni íslenskra atvinnufyrirtækja og þess vegna er brýnt að standa vörð um skattalegt umhverfi sem stuðlar að uppbyggingu fyrirtækja og getur laðað að erlenda fjárfestingu í atvinnustarfsemi hér á landi. Á sama hátt er mikilvægt að verja atvinnustigið með því að niðurskurður ríkisútgjalda eigi sér stað í öðru en mannaflsfrökum verkefnum og að samsetning útgjalda miðist við að einkaframtaki sé ekki rutt úr vegi af hálfu opinberra aðila. Efnahagslífið þarf hagkvæma og örugga stjórnsýslu sem myndar traustan ramma fyrir atvinnustarfseminu.

Verkefnin í átt til endurreisnar atvinnulífisins blasa við: Lækkun stýrivaxta til hagsbóta fyrir fyrirtæki og heimili. Skattalegt umhverfi atvinnurekstrar sem tryggir íslenskum fyrirtækjum sterka samkeppnisstöðu til að endurreisa efnahag landsmanna. Aðgerðir til að gera bankana starfhæfa til að geta veitt atvinnulífinu samkeppnishæfa þjónustu til rekstrar og uppbyggingar. Afnám gjaldeyrishafta og samningar við eigendur krónubréfa til að greiða fyrir frjálsum gjaldeyrisviðskiptum. Samningar við Evrópusambandið um gjaldeyrismál sem tryggi Íslendingum aðild að evrópsku myntsamstarfi eins skjótt og kostur er.

Allt eru þetta forsendur þess að reisa við efnahag þjóðarinnar, treysta atvinnu og búsetu í landinu, fjölga arðbærum störfum, auka tekjur og efla almenna hagsæld og velmegun hér á landi á komandi tímum.



*Ólafur Ísleifsson  
hagfræðingur og lektor við HR*





## Samkeppni er drifkraftur efnahagslífsins

**Samkeppni er einn mikilvægasti drifkraftur efnahagslífsins. Það er órjúfanlegur eiginleiki mannsins að keppa að því að bæta eigin hag. Allir sem stunda atvinnurekstur hafa það að markmiði að hámarka arðsemi af rekstrinum. Arðbær atvinnurekstur er forsenda velmegunar og hagsældar almennings.**

Á seinni hluta 18. aldar varð mönnum ljóst að sam-eiginleg viðleitni fólks til að bæta eigin hag stuðlaði um leið að því að efla þjóðarhag. Hinn þekkti heimspekingur og hagfræðingur Adam Smith benti réttilega á árið 1776 að bakari bakar ekki brauð um miðja nótt til þess eins að tryggja fæðu fyrir samborgara sína heldur starfar hann með það fyrir augum að bæta eigin hag. Samkeppnin tryggir að hann hugar stöðugt að því að bæta brauðið og hagkvæmnina við baksturinn. Þetta tryggir lægsta mögulega verð á brauði fyrir neytendur og fjölbreytt vöruúrval. Í aldanna rás stendur þessi staðreynd óhögguð.

### Hætta á samþjöppun

Frjáls samkeppni getur hins vegar brugðist og leitt af sér einokun eða fákeppni. Samkeppni byggist á þeim aðstæðum sem ríkja á hverjum stað. Náttúrulegar aðstæður geta staðið samkeppni fyrir þrífum eða sú staða að kostnaður fyrirtækja af starfsemi sinni helst ekki í hendur við samfélagslegan kostnað. Það sem einkennir íslenskar aðstæður er t.a.m. smæð markaðar og landfræðileg lega landsins í miðju N-Atlantshafi. Ísland er afar smátt hagkerfi og vegna þess skapast hætta á að samþjöppun eigi sér stað á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Smæðin veldur því að ekki er rúm á markaði fyrir mörg fyrirtæki og það getur skapað hætta á ónógrri samkeppni.

Samkeppnislöggjöfinni er ætlað að stuðla að því markmiði að frjáls samkeppni ríki á markaði. Fyrstu samkeppnislögin voru sett á Íslandi árið 1993 í tengslum við

gildistöku EES-samningsins. Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni og vinna þar með að þjóðarhag. Þessi markmið eiga sér skýr hagræn rök. Frá þeim tíma hefur náðst ágætur árangur á ýmsum sviðum við að efla samkeppni og draga úr viðskiptahindrunum og hvers kyns takmörkunum á samkeppni. Hagkvæmni í atvinnurekstri hefur aukist og birtist í efnahagslegum ávinningi, auknum kaupmætti og velmegun. Vissulega hafa veikleikar og vandamál verið til staðar sem birtist m.a. í því að verðlag á sumum vörum er með því hæsta sem þekkest í heiminum. Skortur á samkeppni skýrir að verulegu leyti hátt verð en ekki bara séríslenskar aðstæður eins og stundum er haldið fram. Smæðin veldur því einnig að eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisyrvalda er að koma í veg fyrir misnotkun á markaðsráðandi aðstöðu enda þótt lögin heimili út af fyrir sig að fyrirtæki nái slíkri stöðu.

### Opinn markaður

Eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisyrvalda er að beita sér fyrir afnámi aðgangshindrana að íslenskum markaði. Í því felst m.a. að tryggja að okkar litli markaður sé opinn fyrir erlendra samkeppni. Þar sem erlend samkeppni hefur rutt sér til rúms hefur hún leitt til aukinnar hagkvæmni í rekstri og lækkingu vöruverðs. Framkvæmd samkeppnislaga getur hins vegar verið vandasöm og ótal álitamál geta skapast, m.a. um getu yrvalda til að fást við vandamál.

Ein af uppsprettum samkeppnisvandamála er opinber íhlutun sem getur birst í margvíslegri löggjöf, fjárframlögum til sumra greina eða beinnar ríkisástoðar til einstakra fyrirtækja.

Sú kreppa sem nú gengur yfir í kjölfar þess að banka-kerfið hrundi hefur af eðlilegum orsökum leitt til þess að margir draga í efa réttmæti frjálsrar og óheftrar



*Frjáls samkeppni í atvinnulífinu leiðir til þess að fjármagn leitar inn á þau svið sem sýna mesta arðsemi.*

samkeppni. Það kann vel að vera að atferli sumra fyrirtækja hafi verið skaðlegt fyrir fólknið í landinu og leitt til þess að verðmætum var spillt og ójöfnuður hafi aukist. Íslendingar standa hins vegar frammi fyrir þeirri spurningu hvort eigi að kollvarpa kerfinu og snúa af

braut frjáls markaðshagkerfis eða stuðla að umbótum á því kerfi sem hefur sýnt sig að er best til þess fallið að stuðla að hagsæld og almennri velmegun.

## Samkeppni um fé til nýsköpunar

Frjáls samkeppni í atvinnulífinu leiðir til þess að fjármagn leitar inn á þau svið sem sýna mesta arðsemi. Ef sjónarmið önnur en viðskiptalegs eðlis ráða ríkjum varðandi ráðstöfun á fé sem ætlað er til nýsköpunar er hætt við að arðsemin verði minni en hugsast gæti. Hins vegar er mat manna á arðsemi í nýsköpun ólíkt. Hrein akademísk sjónarmið meta árangur nýsköpunar út frá fjölda ritrýndra greina. Frá sjónarhóli atvinnulífsins verður verðmætasköpun í hagkerfinu að vera nauðsynlegt markmið rannsóknna og nýsköpunar.

Á Íslandi er um 90% af opinberu fé til rannsókna og þróunar ráðstafað beint til þeirra sem eru framkvæmdaraðilar á fjárlögum, s.s. háskólar og rannsóknarstofnanir. Annars staðar á Norðurlöndum er þetta hlutfall 60-70%. Vægi samkeppnissjóða er þannig afar lítið hér á landi. Af þessum 10% sem fara í samkeppnissjóði fer um helmingur til sjóða þar sem akademísk sjónarmið ráða ferðinni (Rannsóknasjóður, Tækjasjóður, Rannsóknánámsjóður o.fl.) sem þýðir að 95% af opinberu fé fer til rannsókna. Það er því aðeins um 5% af þessu fjármagni sem ráðstafað er út frá sjónarmiðum atvinnulífsins með verðmætasköpun að leiðarljósi. Það þarf því ekki að koma á óvart að árangur af rannsóknar- og nýsköpunarstarfi endurspeglast í formi ritrýndra fræðigreina, en í mun minna mæli í formi verðmætasköpunar.

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld aukið framlög til rannsókna og þróunar. Meirihluti af þessari aukningu hefur farið beint inn í háskólana (3-4 milljarðar) en heildaraukningin í framlögum til Tækniþróunarsjóðs er um 190 milljónir kr. Þó vissulega beri að þakka aukin

framlög í Tækniþróunarsjóð (90 milljónir) á fjárlögum 2009 í þeim samdrætti sem við stöndum frammi fyrir, er ljóst að við stöndum langt að baki nágrönnum okkar í því hvernig ráðstöfun til nýsköpunar er háttáð, bæði um það hlutfall sem fer í gegnum samkeppnissjóði og ekki síður það sem skilar sér til fyrirtækja.

Erfitt er hins vegar að greina tengsl milli framlaga til opinberra rannsóknarstofnana, háskóla, ritrýndra fræðigreina og verðmætasköpunar í atvinnulífinu. Það er hins vegar ljóst að við færumst stöðugt niður á við í samanburði (e. innovation scorebord) Evrópuþjóða á árangri af nýsköpunar- og þróunarstarfsemi. Líklega má finna helstu skýringuna á þessu í því að til skamms tíma hafa akademísk sjónarmið haft mikla yfirvigt við ráðstöfun fjár til rannsókna og nýsköpunar. Samkeppnissjónarmið hafa í of litlum mæli fengið að ráða ríkjum við ráðstöfun fjármagnsins og áhersla á verðmætasköpun verði hverfandi. Undantekningin frá þessu er þó Tækniþróunarsjóður og AVS, þar sem áhersla á verðmætasköpun hefur vegið þungt í matsferli við forgangsröðun verkefna undanfarin 2-3 ár. Árangurinn af þessari nýju áherslu er að byrja að koma í ljós hjá þessum sjóðum, þó of fljótt sé að meta heildaráhrifin. Til að efla heildarárangur af rannsóknum og nýsköpunarstarfi í landinu kann hins vegar að vera mikilvægt að skoða frá grunni skipulag stofnana, innviði rannsókna, matsferli og skiptingu fjármuna milli samkeppnissjóða og beinna framlaga til stofnana til að nýta betur þekkingu, aðstöðu og fjármuni í þágu verðmætasköpunar. Hér þarf afl samkeppninnar að vega mun þyngra en verið hefur.



## Framleiðni er næstum allt

**Til að búa til harða og endingargóða steypu þarf að blanda saman vatni, sementi og sandi með viðeigandi hætti. Sé samsetning efnanna röng eða gæði þeirra léleg uppfyllir steypan ekki þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Sömu lögmál eiga við um landsframleiðsluna – gæði og magn fer eftir aðföngum og samsetningu þeirra. Efnahagsumhverfið og ramminn um atvinnulífið skiptir einnig sköpum.**

Efnahagslíf okkar hefur orðið fyrir miklu áfalli. Mikilvægi þess að fjalla um undirstöður vaxtar og verðmætasköpunar er ótvírætt. Þekking og skilningur á gangi efnahagslífsins hefur vaxið jafnt og þétt allt frá því að hagfræðin varð til sem nútímafræðigrein á 18. öld. Líklega hefur ekkert svið hagfræðinnar verið jafn ítarlega rannsakað og hagvöxtur, uppspretta hans og forsendur. Hráefnin í landsframleiðsluna eru vel þekkt – mannaflí, fjármagn og náttúruauðlindir. Efnahagsumhverfið sem framleiðslan fer fram í ræður miklu sem og leikreglur samfélagsins og hvatar til tækniþróunar og hagræðingar. En rétt eins og með steypuna þarf að blanda hráefnunum í landsframleiðsluna saman á sem bestan hátt. Í því felst mikil áskorun og möguleikar til að ná árangri eru endalausir.

### Undirstaða lífskjara

Samanlagt virði þjónustu og vöru sem framleidd er í landinu á einu ári kallast landsframleiðsla og hagvöxtur er hlutfallsleg breyting hennar milli ára að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Hagvöxtur byggir á aukinni notkun framleiðsluþátta á borð við vinnuafli, fjármagn og náttúruauðlindir eða betri nýtingu á þeim – öðru nafni framleiðni. Efnahagsleg velmegun byggist á framleiðslu og þar með neyslustiginu. Hagvöxtur er undirstaða bættara lífskjara.

Landsframleiðsla og fjármunaeign er takmarkaður mælikvarði á lífsgæði sem verða ekki metin út frá veraldlegum gæðum einum saman. Hins vegar er landsframleiðslan mælikvarði á getu samfélagsins til að framleiða lífsgæði

á borð við heilbrigðisþjónustu, menntun, löggæslu og öryggi. Í löndum þar sem landsframleiðsla á mann er hæst eru lífsgæði líka há.

Framleiðni gegnir lykilhlutverki í framþróun atvinnulífsins. Framleiðni er yfirleitt mæld sem hlutfallið milli verðmætis framleiðslunnar og verðmæta aðfanga til framleiðslunnar. Þannig mælir framleiðni hversu skilvirk framleiðslan er og hvernig vinnuafli og fjármagn nýtist til verðmætasköpunar. Framleiðni aukning er grunnforsenda hagvaxtar. Framleiðni fer síðan eftir mannauði samfélagsins, fjármagnsstofni, tækniþekkingu, náttúruauðlindum og stofnanaumgjörð hagkerfisins.

Íslenskur iðnaður skapar um fjórðung allra verðmæta sem framleidd eru í landinu á hverju ári. Um fimmtungur vinnuafli starfar í ólíkum greinum iðnaðarins og útflutningur á iðnvarningi skapar um 40% af útflutnings-tekjum þjóðarinnar. Í þeim umbrotum sem fram undan eru í efnahagslífi þjóðarinnar mun framlag iðnaðarins skipta miklu máli. Íslenskur iðnaður hefur alla burði til vaxtar og framfara og í honum er mikill aflvaki aukinnar velmegunar í landinu.

### Hvatar eru nauðsynlegir

Ein af lykilforsendum vaxtar og verðmætasköpunar í framtíðinni er fjárfesting í nýrri tækni og nýjum atvinnu-tækifærum. Í nánustu framtíð mun draga úr erlendum lántökum þjóðarinnar og því mun innlendir sparnaður í auknum mæli þurfa að standa undir fjárfestingum. Fall bankanna og hrun á verðbréfamörkuðum hefur dregið úr tiltrú fólks á gildi þess að taka áhættu og fjárfesta í atvinnulífinu. Ein af forsendum þess að hægt sé byggja upp sterkt atvinnulíf er að skapa hvata fyrir fjárfestingu í atvinnulífinu. Ekki er síður mikilvægt að laða til landsins erlenda aðila sem komið geta að fjárfestingum í atvinnulífinu. Leiða má að því líkur að óstöðugur efnahagur, gengissveiflur og verðbólga hafi dregið úr áhuga á fjárfestingum hér á landi. Stöðugt efnahagsumhverfi er því ein af forsendum vaxtar og verðmætasköpunar.






„Framleiðni er ekki allt, en til langs tíma litið er framleiðni næstum allt. Geta samfélagsins til að auka lífsgæði yfir lengri tímabil er að langmestu leyti byggð á getu þess til að auka framleiðni hvers starfsmanns.“

Paul Krugman Nóbelsverðlaunahafi

### Framleiðni á vinnustund 2007


Visitala evrusvæði = 100



Landsframleiðsla er mælikvarði á umsvif í efnahagslífinu og jafngildir verðmæti vöru og þjónustu sem framleidd er í hagkerfinu á einu ári. Landsframleiðsla á vinnustund er hins vegar mælikvarði á framleiðni í hagkerfinu, þ.e. hversu mikil vinna liggur á bak við framleiðsluna.

Í þessu samhengi er tekið tillit til þess að verðlag í löndum er frábrugðið – þannig er búið að kaupmáttarleiðréttu gögnin. Þegar horft er á framleiðni á vinnustund er einnig búið að leiðréttu fyrir ólíku hlutfalli hlutastarfa.

Staða Íslands vekur athygli. Þótt landsframleiðsla sé hér há er framleiðni frekar lág. Þetta þýðir að við bætum upp skort á framleiðni með löngum vinnutíma. Þetta þýðir einnig að svigrúm til umbóta er mikið.





## Hagstjórn í kreppu

**Endurreisn efnahagslífsins úr hinni djúpu kreppu sem nú gengur yfir Ísland felst í að takast á við það krefjandi verkefni að sniða nýjan stakk utan um íslenskt efnahagslíf. Hagstjórnin til skamms tíma verður að miða að því að koma í veg fyrir að hjól efnahagslífsins stöðvist. Leita verður allra leiða til að standa vörð um arðbær fyrirtæki og mannauðinn í landinu. Á hinn bóginn hlýtur hagstjórnin að miða að því að treysta undirstöðurnar og að skapa aðstæður sem styðja við sjálfbæran hagvöxt, raunhæfa verðmætasköpun og velmegun í landinu.**

Efnahagskerfi er í grunnatriðum einfalt kerfi sem ákvarðar hversu mikið er framleitt af vörum og þjónustu og með hvaða framleiðsluþáttum. Hagkerfið samanstendur af fyrirtækjum sem framleiða gæðin sem nota vinnuafli og fjármagn frá heimilunum. Fyrir launin sem heimilin þiggja fyrir vinnuframlag sitt kaupa þau vörur og þjónustu sem fyrirtækin framleiða. Þannig ríkir samhengi á milli þeirra tekna sem við öflum og framleiðslu sem við framleiðum. Inn í þessa hringrás kemur síðan hið opinbera sem skattleggur hluta efnahagsstarfseminnar til að bjóða margvísleg samgæði, s.s. menntun, heilbrigðisþjónustu, samgöngur, réttarfar, öryggi o.s.frv.

### Jafnvægislist

Stjórnvöld sniða rammann utan um efnahagslífið og beita sér með það fyrir augum að hjól efnahagslífsins snúist á hæfilegum hraða og að stöðugleiki ríki í efnahagslífinu. Snúist hjólin of hægt er hætt við auknu atvinnuleysi, framleiðslusamdrætti og versnandi lífskjörum. Fari hjólin of hratt er afleiðingin gjarnan ofpensla, verðbólga, óhóflegt launaskrið og eignaverðbólgur. Annað markmið hagstjórnar felst í því að beita stjórnækjum hennar til að ná fram jöfnuði milli ólíkra þjóðfélagshópa eða jafnvel landshluta. Hins vegar getur óvarleg beiting hagstjórnartækja komið illa niður

á skilvirkni hagkerfisins. Óhófleg skattlagning á fyrirtæki eða einstaklinga getur auðveldlega dregið úr hvata og vilja til að leggja sig fram í atvinnulífinu og þannig orðið efnahagslífinu fjötur um fót.

Í grundvallaratriðum eru stjórnækki hagstjórnar af tvennum toga: Peningamál fela í sér fyrirkomulag gjaldeyrismála, vaxtaákvæðanir og margvíslegar reglur er lúta að bankakerfinu. Ríkisfjármál fela í sér innheimtu skatta og ráðstöfun fjármuna í gegnum fjárlög. Hvort tveggja getur haft mikil áhrif á gang efnahagslífsins í bráð og lengd.

Þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífi þjóðarinnar beina sjónum að grundvallarmarkmiðum hagstjórnar. Stöðugleiki í efnahagslífinu er mikilvægt markmið og forsenda þess að tryggja megi góð lífskjör í landinu og skapa skilyrði fyrir sjálfbæran vöxt. Aðeins kröftugt atvinnulíf, í samkeppnishæfu umhverfi, sem nýtir alla kosti lands og þjóðar með ábyrgum hætti getur náð þessu markmiði.

Þrátt fyrir að landsframleiðsla eða hagvöxtur sé ekki endilega mælikvarði á velsæld í víðasta skilningi þess orðs þá er landsframleiðslan samt sem áður kvarði á getu samfélagsins til að framleiða gæði sem stuðla að hagsæld og velferð. Þau lönd sem hafa hæsta landsframleiðslu á mann búa við lengstu lífslíkur, hæsta menntunartígið, minnsta barnadauða o.s.frv. Öflugt atvinnulíf, hagvöxtur og verðmætasköpun er forsenda þess að tryggja almenna velmegun og velferð. Íslenskur iðnaður hlýtur að verða í forystuhlutverki í uppbyggingarstarfinu fram undan.



*Stjórnvöld sníða rammann utan um efnahagslífið og beita sér með það fyrir augum að hjól efnahagslífsins snúist á hæfilegum hraða og að stöðugleiki ríki í efnahagslífinu.*

### Gjaldeyrissköpun í forgang

Breyttar aðstæður í efnahagslífinu kalla á breyttar áherslur í hagstjórn. Flestir geta líklega verið sammála um hver efnahags- og samfélagsleg markmið okkar eru á þessum erfiðu tímum. Til að takast á við nýjar aðstæður er nauðsynlegt að standa sérstaklega vörð um nokkra lykilþætti efnahagslífsins.

Uppbygging iðnaðar og atvinnurekstrar sem skapar gjaldeyri verður að vera í forgangi. Hagsæld okkar byggir á því að hanna, framleiða og selja vörur og þjónustu sem umheimurinn vill kaupa. Jafnvægi verður að vera í viðskiptum við útlönd og hagvöxtur framtíðarinnar verður ekki fenginn að láni.

Krónan varð fyrir miklu áfalli árið 2008 og missti um 80% af verðgildi sínu. Standa þarf vörð um þann iðnað sem sparar gjaldeyri. Þetta geta neytendur gert með því að

beina viðskiptum til innlendra framleiðenda og spara með því móti dýrmætan gjaldeyri um leið og störf eru sköpuð á Íslandi.

Atvinnuástand er slæmt og atvinnuleysi hefur sjaldan verið meira. Miklu skiptir að koma vinnufúsum höndum til verka sem fyrst. Sérstaka áherslu ber að leggja á mannauðsfrekan atvinnurekstur sem nýtir þann mannauð sem nú leitar nýrra atvinnutækifæra. Á sama tíma þarf að standa vörð um menntakerfið sem er mikilvæg uppspretta mannauðs. Þá er nauðsynlegt að atvinnurekstur á Íslandi byggist á verðmætri framleiðslu en ein forsenda þess er að styðja við fyrirtæki sem standa framarlega í rannsóknar- og þróunarstarfsemi.



## Hvaða lærdóm má draga af Írlandi?

**Árið 1987 var Írland eitt af fátækustu löndum Vestur-Evrópu. Miklar opinberar skuldir voru að sliga hagkerfið, verðbólga var yfir 20%, vextir háir, kaupmáttur fór rýrnandi og atvinnuleysi var mikið. Hinn litla hagvöxt sem mældist mátti ekki síst rekja til útpenslu hins opinbera en hann var fjármagnaður með erlendu lánsfé. Alþjóðaviðskipti voru takmörkuð og helst við Bretland. Þessi viðskiptalega einangrun hefur líkast til ýtt undir áralanga efnahagslega stöðnun. Um árabíl einkenndi atgervisflótti hagkerfið þar sem margt af hæfasta fólkinu flutti á brott.**

Botni áralangrar niðursveiflu var náð árið 1987 þegar Charles Haughey tók við sem forsætisráðherra. Ríkisstjórn hans ákvað að beita sér fyrir róttækum kerfisbreytingum sem fengu hljómgrunn hjá stjórnarandstöðu, launþegahreyfingu og atvinnulífi. Þannig náðist fram viðtæk samstaða um umbætur í efnahagslífinu. Þessi stefnumótun og samstaða markaði upphaf að því sem margir kalla írska kraftaverkið.

### Skýr sýn

Fyrsta skrefið í umbótunum var fólgið í því að koma á efnahagslegum stöðugleika sem þýddi að ríkisfjármál og fyrirkomulag peningamála þyrfti að endurskoða frá grunni.

Opinberi geirinn var skorinn niður og með því skapaðist aukid rými fyrir vöxt einkageirans. Skattar voru lækkaðir, sérstaklega á fyrirtæki. Þrátt fyrir að opinberar skuldir væru yfir 130% af landsframleiðslu og árlegur halli um 6-8% af landsframleiðslu tókst að laga stöðu hins opinbera. Skattalækkanir örvuðu hagkerfið nóg til að auka tekjurnar. Segja má að skattalækkanir á fyrirtæki á Íslandi á síðustu árum hafi að sumu leyti verið gerðar að fyrirmynd frá.

Írland gekk í Evrópusambandið ásamt Bretum árið 1973 en ólíkt þeim tóku Írar upp evru um leið og hún kom til sögunnar. Það stuðlaði að mikilli lækkun vaxta sem örvaði hagkerfið án þess þó að verðbólga ykist að marki. Frá árinu 1990 fengu Írar mikla styrki frá Evrópusambandinu sem voru vel tímasettir.

Bankar voru einkavæddir og gata erlendra fjárfesta var greidd. Í stað fjölda stjórnarstofnanna og embættismanna var nú einungis við eitt yfirvald að eiga, *The Irish Development Agency*. Írland var aðeins með um 1% af markaðshlutdeild Evrópusambandsins í fjárfestingum aðila utan þess en tókst samt að laða til sín um þriðjung af beinni erlendri fjárfestingu frá Bandaríkjunum í Evrópu. Atgervisflóttanum var snúið við, fólksfjölgun hefur verið mikil og atvinnuleysi er lítið. Það er ekki að ástæðulausu að írski hagkerfið hafi fengið viðurnefnið keltneski tígurinn.

### Samstaða

Vissulega hefur þessi hraði vöxtur ekki gengið alveg þrautalaust fyrir sig en lífskjör almennings breyttust mjög til hins betra á ótrúlega skömmum tíma. Líkt og mörg önnur vestræn hagkerfi stendur Írland frammi fyrir verulegum efnahagsþrengingum í kjölfar fjármálakreppunnar. Búist er við mikilli aukningu á atvinnuleysi og samdrætti í þjóðartekjum. Bankar þar hafa á síðustu árum vaxið hratt og eiga margir í vandræðum. Að ýmsu leyti hefur hagþróun á Íslandi verið með svipuðum hætti og á Írlandi, t.d. hvað varðar umbreytingu hins opinbera, einkavæðingu og skattalækkanir. Írur hefur hins vegar tekist að vaxa mun hraðar, laða til sín meira af erlendum fjárfestum og skapa viðtækan efnahagslegan stöðugleika. Þó svo að Írar standi nú eins og aðrar þjóðir frammi fyrir efnahagskreppu þurfa þeir ekki á sama tíma að glíma við eins alvarlega fjármálakreppu og Ísland og enn síður við gjaldeyriskreppu.



*Mikilvægasti lærdómurinn sem við getum dregið af reynslu Íra, bæði frá níunda áratugnum og viðbrögðum þeirra við vandræðum um þessar mundir, er samstaða og framtíðarsýn.*

Viðbrögð írskra stjórnvalda við efnahagskreppunni eru eftirtektarverð. Efnahagsáætlun Íra sem gefin var út í desember 2008 fjallar um aðgerðir til að byggja upp hagkerfið á ný og nýta þau tækifæri sem skapast í núverandi þrengingum. Í orðum og aðgerðum stjórnvalda á Írlandi birtist skýr framtíðarsýn ásamt raunsæju mati á stöðu efnahagslífsins.


## Írská efnahagsáætlunin – Building Ireland's smart economy

- Ráðast gegn efnahagsferfiðleikum með því að ná jafnvægi í ríkisrekstri, auka samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja, aðstoða þá sem missa vinnuna og veita írskum fyrirtækjum og alþjóðlegum fyrirtækjum á Írlandi viðtækan stuðning.
- Stórauka útgjöld til rannsókna og þróunar og skapa hvata fyrir erlend fyrirtæki til að ráðstafa rannsóknarfé á Írlandi.
- Byggja hagkerfið upp á grænum áherslum þar sem horfið verður frá jarðefnagnúinni orkuframleiðslu. Stórauka fjárfestingar í endurnýjanlegum orkugjöfum og fjölga grænum störfum.
- Þróa stofnanaumgjörð samfélagsins með það að markmiði að auka almenn lífsgæði og bæta samkeppnishæfni írskis atvinnulífs.

Þegar efnahagslegir erfiðleikar steðja að eða veigamikilla umbreytinga er þörf er samfélagsleg samstaða nauðsynleg forsenda.

Íslendingar þurfa raunsætt mat á efnahagslegri stöðu og samstaði í samfélagi þjóðanna. Við þurfum framtíðarsýn, markmið og von. Forsendur fyrir því eru góðar enda stendur efnahags- og atvinnulíf okkar traustum fótum þótt hrikt hafi í stöðum þess.

## Hagvöxtur á Íslandi og Írlandi 1992-2010



Frá árinu 1992 til 2008 var hagvöxtur á Írlandi að meðaltali 6,2% samanborið við 3,4% á Íslandi. Yfir 15 ára tímabil jafngildir þessi munur því að hagkerfið okkar hafi tæplega tvöfaldast að stærð en hið írská þrefaldast.





## Frá stefnuleysi til stefnufestu

**Hagkerfið er um margt líkt fyrirtæki eða heimili. Raunar er orðið hagfræði upprunalega dregið af gríska orðinu okonomia sem þýðir búrekstur. Í öllum tilfellum gengur starfsemi út á að hámarka hag íbúa, eigenda og starfsmanna fyrirtækja í ljósi margvíslegra takmarkana. Virkni og afköst efnahagslífsins hafa afgerandi áhrif á lífsafkomu þeirra sem þar búa og starfa.**

Flest framsækin fyrirtæki byggja starfsemi sína á vandaðri stefnumótun. Í því felst að sett eru markmið hvert skuli stefna og í kjölfarið eru mótaðar aðgerðir um hvernig skuli komast þangað. Yfirleitt ræður tilviljun því ekki hverjir ná árangri og hverjir ekki. Stefnuleysi er ávísun á tilviljanakennda framtíð þar sem brugðið getur til beggja átta. Stefnumótun fyrirtækja eða einstaklinga er ekki ýkja flókin en framkvæmd og eftirfylgni getur verið þrautin þyngri.

### Efnahagsleg langtímamarkmið

Í raun á sama við um mótun stefnu fyrir efnahag heillar þjóðar og fyrirtæki eða einstaklinga. Mörg lönd í kringum okkur hafa náð ákaflega góðum efnahagslegum árangri sem grundvallast m.a. á skýrri stefnumörkun fyrir efnahagslífið. Írland og Finnland eru góð dæmi. Þar byggðist efnahagslegur árangur á því að farið var í margvíslegar aðgerðir sem allar miðuðu að því að ná fyrir fram skilgreindum markmiðum. Á undanförunum árum hefur efnahagslíf okkar vaxið hratt. Hagvöxtur hefur verið kröftugur og kaupmáttur launa vaxið jafnt og þétt. En sá árangur litaðist af því að hagvöxtur hér reyndist ekki sjálfbær eins og berlega kom í ljós í bankahruninu haustið 2008. Aðild okkar að EES-samningnum fól í sér mikilvæga efnahagslega stefnumótun enda voru mikilvægustu markmið hans fólgin í auknu frelsi í viðskiptum. Einnig hefur samningurinn gert kleift að innleiða margvíslegar tilskipanir Evrópusambandsins.

Bein aðkoma að þessum lykilkáttum er varða þróun efnahagslífsins er takmörkuð þótt flestar þessara tilskipana hafi markað framfaraspör fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

### Ávísun á árangur

Mikilvægasta markmiðið í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur snúið að því að halda verðbólgu í skefjum. Markmið stjórnvalda frá því verðbólgu markmiðið var tekið upp hefur nánast aldrei náðst. Stefnur í mörgum málaflokkum tengjast yfirleitt með mjög takmörkuðum hætti efnahagslegum langtímamarkmiðum. Hvernig er t.d. stefna í menntamálum tengd markmiðum okkar um hagvöxt í framtíðinni? Hver er stefnan í nýtingu náttúruauðlinda til atvinnusköpunar? Hver er stefnan í stuðningi við nýsköpun og þróun, í umhverfismálum, í Evrópumálum, gjaldeyrismálum og atvinnumálum yfirleitt?

Ein af forsendum þess að stefnumótun beri tilætlaðan árangur er að allir sem hagsmuna eiga að gæta taki þátt og eigi beina aðkomu að því að setja markmið og koma fram með leiðir að þeim. Í því felst ekki eingöngu að stjórn mála flokkar komi að verkinu heldur þarf viðtækari þátttöku. Þegar Írar voru á botni áralangrar niðursveiflu árið 1987 tókst að fá aðila vinnumarkaðar, stjórn og stjórnarandstöðu o.fl. til að takast á við viðtækar kerfisbreytingar byggðar á skýrri stefnumótun. Árangurinn lét ekki á sér standa. Þótt nú steðji erfiðleikar að Írum er alveg skýrt í huga þeirra hvert stefna skuli.

Stefnumótun af þessum toga þekkt líka í enn stærra samhengi. Hjá nágrönnum okkar í Evrópu er ein viðtækasta mynd slíkrar stefnumótunar fólgin í Lissabon-áætluninni sem sett var á fót árið 2000. Markmið áætlunarinnar er að Evrópusambandið verði sveigjanlegasta og samkeppnishæfasta hagkerfi heims



*Í raun á sama við um mótun stefnu fyrir efnahag heillar þjóðar og fyrirtæki eða einstaklinga.*

sem grundvallast á sjálfbærum hagvexti, góðum störfum og félagslegum jöfnuði. Undirliggjandi þáttur er virðing fyrir umhverfinu. Stór hluti af starfi Evrópusambandsins, setning laga og reglna o.fl. miðar að því að styðja við markmið áætlunarinnar. Ástæða þess að áætlunin var sett á laggirnar var einkum að hagvöxtur hafði lengi verið lítill, framleiðni lág og lífskjör stöðnuð. Til að vinna gegn þessu ástandi var áætlunin sett á fót með þungri áherslu á nýsköpun. Hluti áætlunarinnar er stöðugt mat á þeim árangri sem næst, hvað vantar upp á og hvað þurfi að gera til að bæta úr. Vel kann að vera að sum þeirra markmiða sem sett voru muni ekki nást, sérstaklega í ljósi þess alvarlega samdráttar sem nú gengur yfir Evrópu. Hins vegar má spyrja hvernig ástandið væri ef ekki hefði verið ráðist í áætlun sem þessa.

### Samstaða um framtíðarsýn

Verkefnið sem Íslendingar standa frammi fyrir felst meðal annars í að stefna hagkerfinu inn á þá braut sem veitir viðunandi lífskjör til framtíðar. Framtíðarsýn getur ekki byggst á því að horfa eingöngu til þeirra þátta er miða að

því að koma okkur út úr kreppunni, greiða niður erlend lán og fara út í neyðaraðgerðir vegna fjárhagsvandræða fólks og fyrirtækja. Við þurfum skýra framtíðarsýn, metnaðarfull en raunhæf markmið og kjark til að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir. Aðstæður nú eru í grundvallaratriðum ekki frábrugðnar stöðu fyrirtækis eða einstaklings í erfiðum aðstæðum þar sem nauðsynlegt er að taka erfiðar og stefnumarkandi ákvarðanir. Verkefnið er að stýra þjóðarbúinu inn á rétta braut – farsælasta leiðin til að feta þann veg er með stefnumótun sem viðtæk samstaða er um.

Mikilvægt er að gera greinarmun á Lissabonsáttmálanum (Lisbon Treaty) annars vegar og Lissabonáætluninni (Lisbon Strategy) hins vegar. Hinu fyrrnefnda er ætlað að móta virkni Evrópusambandsins og vera ígildi einskona stjórnarskrár. Lissabonáætlunin er hins vegar ferli sem miðar að því að gera Evrópusambandið að sveigjanlegu og samkeppnishæfu þekkingarsamfélagi.





## Samastaður í tilverunni

**Ísland er Evrópuríki og hefur alla tíð átt sterk tengsl við önnur ríki álfunnar. Gildir það jafnt um viðskipti, menningu og stjórnmál. Þrátt fyrir ágæt tengsl við ríki í öðrum álfum komast þau ekki í hálfkvísti við hin evrópsku tengsl að mikilvægi. Tengslin við Bandaríkin voru til langs tíma sérstaks eðlis og byggðust að verulegu leyti á andrúmi kaldastríðsáranna en þau tengsl hafa nú trosnað.**

Ísland er smátt efnahagskerfi sem verður að treysta á greið viðskipti til þess að geta selt vörur og þjónustu til að afla tekna og gjaldeyris svo unnt sé að flytja inn hráefni, varning og þjónustu sem ekki er hægt að sinna innanlands. Þá er íslensku atvinnulífi nauðsynlegt að hafa svigrúm á stærri mörkuðum en þeim íslenska um leið og því er veitt nauðsynleg samkeppni.

### Stígum skrefið til fulls

Ísland hefur kosið að tryggja viðskiptahagsmuni sína við umheiminn með aðild að mikilvægum milli-ríkjasamningum. Þar má nefna aðildina að GATT og síðan Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO, aðild að EFTA og gerð fríverslunarsamnings við ESB. EES-samningurinn 1994 með fjórfrelsi í viðskiptum með vöru, þjónustu, fjármagn og fjárlása flutninga markaði tímamót. Með þeim samningi varð eðlisbreyting á þeim samningum sem Ísland hafði fram að þeim tíma gerst aðili að. Áður snerust þessir samningar fyrst og fremst um lækkingu og eða afnám tolla og þar með greiðari viðskipti. Hins vegar var lítt eða ekki tekið á annars konar viðskiptahindrunum eða almennum rekstrar- og samkeppnisskilyrðum til þess að tryggja jafnræði á mörkuðum. Með samþykkt EES-samningsins var brotið blað í viðskiptasögunni og starfsskilyrðum stórs hluta atvinnulífsins gjörbreytt.

EES-samningurinn hefur verið í gildi í 15 ár. Kostir hans og gallar eru þess vegna flestum ljósir. Evrópusambandið

hefur stækkað og samvinna innan þess sem hefur þeir áhrif á starfsskilyrði atvinnulífs 30 Evrópuríkja er vaxandi. Að sama skapi hafa möguleikar Íslands, Noregs og Liechtenstein til þess að taka þátt í mótun Evrópusambandsins farið minnkandi. Þau hafa kosið að starfa EFTA-megin í EES-samstarfinu, hafa hingað til búið við áhrifaleysi og látið öðrum ríkjum eftir að móta leikreglurnar sem þeim er gert að starfa eftir.

Samtök iðnaðarins voru hlynnt gerð EES-samningsins og hafa aldrei efast um að hann hafi verið skref í rétta átt. Allt frá þeim tíma sem hann tók gildi hafa samtökin hins vegar orðið styrkari í þeirri skoðun að EES-samningurinn dygði ekki til frambúðar. Stíga yrði skrefið til fulls í samvinnu við Evrópuríkin, ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Fyrir þessari skoðun hefur verið talað með skýrum málflutningi sem reynslan nú sýnir að var á rökum reistur. Um langt árabil hefur verið ljóst að meirihluti þjóðarinnar hefur viljað sækja um aðild að Evrópusambandinu en á sama tíma hafa sitjandi ríkisstjórnir ekki verið sama sinnis. Hér þarf að verða breyting á.

### Leiðin blasir við

Bitrar staðreyndir blasa við. Íslenskt efnahagskerfi getur ekki staðið eitt og sér og stuðst við eigin gjaldmiðil, a.m.k. ekki ef Íslendingar ætla sér að njóta ávaxta af alþjóðlegum viðskiptum og skipa sér í framvarðsveit þjóða í hagsæld og lífsgæðum. Um þetta er ekki lengur deilt. Íslenskur iðnaður og atvinnulíf má ekki draga sig inn í skel. Þvert á móti á að byggja á sterkum grunni auðlinda og atvinnulífs og sækja fram á nýjum sviðum. Það á að vera keppikefli að selja vörur okkar og þjónustu um víða veröld og afla þannig þjóðarbúinu nauðsynlegra tekna. Til þess að svo megi verða þarf að gera grundvallarbreytingar í peninga- og efnahagsmálum. Þar blasir við skýr og þekkt leið aðildar





*Íslenskt efnahagskerfi getur ekki staðið eitt og sér og stuðst við eigin gjaldmiðil, a.m.k. ekki ef Íslendingar ætla sér að njóta ávaxta af alþjóðlegum viðskiptum og skipa sér í framvarðasveit þjóða í hagsæld og lífsgæðum.*

að evrópska myntbandalaginu um farveg aðildar að Evrópusambandinu. Ekki má dragast að undirbúa þessa aðild svo koma megi á varanlegri framtíðarskipan gjaldeyrismála til hagsbóta fyrir heimili og fyrirtæki.

### Raunsætt hagsmunamat

Gera verður kröfu til þess að heildarhagsmunir Íslands ráði fyrir þegar ákvarðanir verða teknar um aðild að Evrópusambandinu. Auk þeirrar augljósu staðreyndar að stærstum hluta gengisóvissu yrði eytt hafa sterkar líkur verið leiddar að nokkrum mikilvægum hagsbótum, s.s. lækun vaxta, stöðugleika í efnahagslífinu, lægri verðbólgu og aukinni samkeppni. Einnig hefur verið bent á að matvælavæð gæti lækkað umtalsvert. Þessir þættir koma öllum til góða. Þá eru ótaldir þeir möguleikar sem felast í því að taka þátt í starfi ESB sem fullgildir aðilar og hafa áhrif á þætti sem skipa íslenska hagsmuni miklu. Ennfremur má benda á að draga má í efa að Íslendingum sé sæmandi að búa við óbreytt fyrirkomulag þar sem þeir standa utan við vettvang ákvarðana er varða miklu um þjóðarhag.

Andstæðingum aðildar er tíðrætt um hagsmuni sjávarútvegs og landbúnaðar. Nauðsynlegt er að draga upp raunsanna mynd af þeim hagsmunum og á hvern hátt þeir kunna að skaðast eða breytast. Þá niðurstöðu verður að vega á móti þeim kostum sem falla í skaut þessum greinum í formi almennra bættra skilyrða og þeim kostum sem aðrar atvinnugreinar sjá fyrir sína hagsmuni. Þar á ofan þarf að bæta hagsmunum heimilanna og almennings alls. Þegar þetta er gert má glöggst sjá á hvorn veginn vogarskálarnar hallast og hvort miklu munar. Á þeim grunni er hægt að taka yfirvegaða ákvörðun. Á þann eina hátt er hægt að leiða þetta stærsta hagsmunamál okkar til lykta. Í slíku skrefi felst einnig mikilvæg stefnumótun sem brýn þörf er á um þessar mundir.

### Hlutverk evrunnar í fjármálakreppunni

Svissneski frankinn hefur styrkst í fjármálakreppunni. Ástæðan er þó ekki mikill styrkur svissneska hagkerfisins heldur að bankakerfið þar í landi er afar stórt og mikið af lánum hafa verið veitt á lágum vöxtum í frönskum. Þegar eignaverð hefur fallið hafa mörg þessara lána verið gerð upp sem veldur aukinni eftirspurn eftir svissneskum frönskum. Svipaða sögu er að segja af japanska jeninu. Styrking þessara gjaldmiðla kemur sér hins vegar illa fyrir alla iðnframleiðslu í löndunum þar sem efnahagurinn stendur ekki á sterkum fótum og samkeppnishæfni útflutningsgreina skerðist með sterku gengi.

Þau lönd sem notast við evru hafa hins vegar ekki farið varhluta af fjármálakreppunni – bankar hafa verið þjóðnýttir og stjórnvöld hafa víða ráðist í margvíslegar örvunaraðgerðir. En evran og aðild að Evrópusambandinu hefur samt sem áður reynst vel. Sá

bakstuðningur hefur tryggt betur fjármálastöðugleika og aðgang stjórnvalda að lausu fé. Þótt mörg lönd innan evrusvæðisins glími við efnahagsörðugleika er ekkert þeirra að glíma við gjaldeyriskreppu og ógnarvöxt erlendra skulda vegna gengisfalls ofan í samdráttinn.



## Einkageirinn skapar hagvöxtinn

**Hið opinbera gegnir lykilhlutverki í efnahagsstarf-  
seminni. Stjórnvöld skapa umgjörðina en eru líka  
umsvifamikill vinnuveitandi og framkvæmdaaðili  
í hagkerfinu. Ákvarðanir um skattlagningu og  
fjárfestingar úr sameiginlegum sjóðum hafa því  
mikil áhrif á framleiðslustig en geta ekki síður haft  
áhrif á langtímaþróun hagkerfisins.**

Rekstur hins opinbera stendur á tímamótum. Áætlaðar tekjur hins opinbera 2009 eru 408 milljarðar króna en útgjöldin 596 milljarðar sem þýðir halli upp á 187 milljarða. Flestir tekjustofnar hins opinbera dragast ört saman samhliða minnkandi neyslu og lægra atvinnustigi. Við þær aðstæður sem nú eru uppi er mikilvægt að gera sér grein fyrir efnahagslegum áhrifum hallareksturs hins opinbera og hverjar eru takmarkanir á getu hins opinbera til að stuðla að hagvexti.

### Flókið verkefni

Með hagvexti er átt við hlutfallslega aukningu landsframleiðslu á milli ára. Útgjöld hins opinbera árið 2009 eru áætluð tæp 40% af landsframleiðslu. Því er eðlilegt að spyrja hvort ekki sé hægt að auka opinber útgjöld til að ýta undir hagvöxt og hækka framleiðslustigið. Þetta er ekki svo einfalt því ákvarðanir um opinberar framkvæmdir eða veitingu samfélagsþjónustu og fjármögnun þeirra geta dregið úr svigrúmi einkageirans til framkvæmda. Sérhver króna sem hið opinbera eyðir þarf annað hvort að vera tekin að láni eða tekin sem skattur út ír hagkerfinu. Hættan er þess vegna sú að opinberum fjármunum sé ekki varið til að auka framleiðni eða atvinnu heldur feli aðeins í sér tilfærslu á verkefnum frá einkaaðilum til hins opinbera. Í ljósi mikillar skuldsetningar ríkissjóðs og samkomulags stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn liggur ekkert fyrir í ríkisfjármálum annað en niðurskurður og skattahækkanir

til að jafna hallann á ríkisbúskapnum. Þetta verkefni mun bera ægishjálmi yfir öll önnur á komandi misserum og reyna mjög á stjórnvöld og þjóðina alla.

Ef tekið er lán til að fjármagna opinberar framkvæmdir söga þau til sín hluta af takmörkuðu fjármagni sem annars hefði getað farið í fjárfestingu í atvinnulífinu. Leggi stjórnvöld á skatta dregur það úr neyslu og fjárfestingu einkageirans með tilsvarendi hætti. Niðurstaðan er að getu stjórnvalda til að auka og efla hagvöxt með beinum hætti eru þröngar skorður settar.

Þetta þýðir hins vegar ekki að opinber fjármál og stefna hafi lítil áhrif í efnahagslífinu. Samneyslan og eðli hennar hefur áhrif á samsetningu heildareftirspurnar, t.d. þannig að auka neyslu á kostnað fjárfestingar.

### Verðmætasköpun

Skipan opinberra fjármála þarf að stuðla að hagvexti. Til að hagvöxtur aukist með opinberum útgjöldum þarf framleiðni að aukast. Til að samneysla stuðli að auknum hagvexti þurfa þeir fjármunir að stuðla að aukinni framleiðni vinnuafis og betra framboði á vinnuafli. Slíkir markaðsbrestir verða fyrst og fremst á sviðum þar sem einkageiranum tekst ekki að nýta sér eiginleika frjálstra og skilvirkra markaða. Sem dæmi má nefna að á sviði menntamála fjármagnar hið opinbera að stórum hluta skólakerfið vegna þess að án opinbers stuðnings bjóðast ekki menntatækifæri í þeim mæli sem er þjóðhagslega hagkvæmt. Þetta getur einnig átt við orkuframleiðslu en orkufyrirtækin eru öll í eigu opinberra aðila. Þess vegna þarf að huga vandlega að arðsemi slíkra framkvæmda og hvort eignarhald og rekstur sé betur komið hjá einkaaðilum.

Með því að verja opinberum fjármunum til rannsóknar- og þróunarstarfs er hægt að stuðla að hærra framleiðni-



*Skipan opinberra fjármála þarf að stuðla að hagvexti.*

stigi til langs tíma litið. Tvö skilyrði eru þó fyrir því að þetta skili tilætluðum árangri. Í fyrsta lagi þarf að gæta þess að opinbert fjármagn notað til rannsóknar- og þróunarstarfs ryðji ekki burt sambærilegum útgjöldum af hálfu einkaaðila. Í öðru lagi þarf að tryggja að stjórnvöld geti ráðstafað slíku fé með skilvirkari hætti en einkageirinn. Með því er átt við að ávöxtun fjármagns til rannsóknar- og þróunarstarfs þarf að vera hærri en ávöxtun sem einkageirinn nær með sama fjármagni. Sögulega hefur stjórnvöldum gengið erfiðlega að ná þessu marki.

### Huga vel að hverri krónu

Raunar er það svo að ríkisútgjöld geta haft neikvæð áhrif á framleiðni og hagvöxt og gegn því þarf að sporna. Nefna má fjórar ástæður fyrir því: Í fyrsta lagi er stærstur hluti ríkisútgjalda fjármagnaður með skattheimtu. Háir skattar draga úr hvata til vinnu, sparnaðar og fjárfestinga og þar með hagvaxtar. Ríkisútgjöld fela yfirleitt ekki í sér næga aukningu á framleiðni til að bæta upp fyrir þau verðmæti sem tapast með því að letja einkageirann. Í öðru lagi veldur opinber eyðsla í margvíslega félagsþjónustu því að hvatar til vinnu minnka. Þá er átt við hvers kyns bætur en líka niðurgreiðslur í tómsundir. Ef horft er á þetta í samhengi við skatta er augljóst að skattlagning á Pál til að styrkja Pétur mun ekki skapa aukinn hvata fyrir aukna vinnu og verðmætasköpun hjá hvorugum þeirra. Sama á við um skattlagningu á eina atvinnugrein til að styðja við aðra. Í þriðja lagi gerist það að þegar stjórnvöld eyða fjármagni þarf að taka það einhvers staðar annars staðar úr hagkerfinu. Þannig er ekki tryggt að hverri krónu sem eytt er sé varið á hagkvæmasta hátt heldur ræður pólitískt mat. Það mat er ekki það sama og mat einkageirans á hagkvæmustu fjárfestingakostum. Í fjórða lagi geta ríkisafskipti valdið margvíslegri óskilvirkni í hagkerfinu. Ekki er tryggt að rétt magn af gæðum sé boðið fram, t.d. í menntamálum og heilbrigðismálum. Ef einkageirinn réði meira um hvernig skipulag og framboð menntunar væri er líklegt að mannauðurinn lagaði sig mun betur að þörfum atvinnulífsins.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi í samfélaginu er nauðsynlegt huga sérstaklega vel að hverri krónu sem hið opinbera eyðir. Annars vegar er mikilvægt að komast fyrir hallarekstur hins opinbera sem fyrst og hins vegar að beina fjármunum hins opinbera inn á þær brautir sem helst stuðla að auknum hagvexti.



**Einkageirinn og  
hið opinbera**



## Skattkerfið hvetji til uppbyggingar og hagvaxtar

**Skattkerfinu er ætlað að fjármagna opinber útgjöld en einnig að einhverju leyti að stuðla að jöfnuði í samfélaginu. Þá er skattkerfið einnig notað til að ná fram margvíslegum öðrum samfélagslegum og efnahagslegum markmiðum. Umfang skattkerfisins er geysimikið. Árið 2008 voru heildarskatttekjur hins opinbera um 530 milljarðar eða um 36% af landsframleiðslu.**

Skattlagning felur í sér inngrip í frjálsan markað og hefur því veruleg áhrif á gang efnahagslífsins. Yfirleitt er það meginmarkmið stjórnvalda að skattkerfið lágmarki skaða skattgreiðenda og umsýslu hins opinbera án þess þó að skapa hvata til undanskota frá skatti. En skattar hafa líka margvísleg áhrif á sparnað einstaklinga, fjárfestingar atvinnulífsins, vinnuframboð, fjárfestingu í mannauði, atvinnusköpun, framleiðsluávarðanir fyrirtækja o.fl. Skattstigið eitt og sér hefur ekki bara áhrif heldur einnig uppbygging skattkerfisins. Rannsóknir á skattkerfum gefa sterklega til kynna að samband sé á milli uppbyggingar skattkerfisins og lífskjara sem einstök samfélög búa við. Við þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi í þjóðarbúskapnum er ákaflega mikilvægt að nýta til fulls getu skattkerfisins til að gera hagkerfið sem skilvirkast.

### Skapandi skattar

Sköttum er venjulega skipt upp í tvo flokka, beina og óbeina. Með beinum sköttum er átt við skatta á tekjur fyrirtækja og einstaklinga og hagnað en óbeinir skattar leggjast á vöru og þjónustu. Rannsóknir á tengslum hagvaxtar og skatta benda til að þau lönd sem hafa hærra hlutfall óbeinna skatta á móti beinum sköttum hafa uppskorið meiri hagvöxt. Með því er átt við að óbeinir skattar eins og virðisaukaskattur vega hlutfallslega þyngra en beinir skattar. Í ljósi hagvaxtar er

því hagkvæmara að hafa lága tekjuskatta en frekar háa neysluskatta.

Þegar niðurstöður rannsókna af þessu tagi eru skoðaðar nánar kemur í ljós að mismunur milli landa í skattlagningu einstaklinga virðist hafa minni neikvæð áhrif á vöxt landsframleiðslunnar heldur en mismunur í skattlagningu fyrirtækja. Ísland kemur vel út hvað þetta varðar. Tekjuskattur fyrirtækja er 15% hér á landi á móti 28% meðaltali OECD-ríkja. Einungis Ungverjaland og Írland eru með lægri tekjuskatt fyrirtækja en Ísland. Almennt séð hefur tekjuskattsprósenta á fyrirtæki lækkað í ríkjum OECD frá árinu 2000 en í nokkrum tilvikum er hún sú sama. Í engu tilviki var hún hækkuð á umræddu tímabili. Þessar staðreyndir verður að hafa í huga þegar ráðist verður gegn hallarekstri hins opinbera á næstu misserum. Skattar hafa áhrif á hagnýtingu vinnuafnsins um farvegi framboðs og eftirspurnar. Hár tekjuskattur einstaklinga veldur því að það dregur úr atvinnuþátttöku. Annars vegar minnkar atvinnuþátttaka þeirra lægst launuðu og hins vegar eykst fjöldi vinnustunda vegna þess að hærri sköttum fylgja lægri ráðstöfunartekjur. Þetta á ekki síst við um karla.

Niðurstöður rannsókna benda þannig til að lægri skattþrep leiði til aukinnar fjárfestingar í mannauði. Tölfræðilegar rannsóknir eru þó ekki ótvíræðar hvað þetta varðar. Þá draga háir tekjuskattar á fyrirtæki úr atvinnuvegafjárfestingu en hún er tvímælaust ein af uppsprettum hagvaxtar til langs tíma lítið.

### Samkeppnishæfni

Heildarframleiðni er mælikvarði á skilvirkni fjármagns og vinnuafns. Rannsóknir benda til þess að flóknir og ógegnsærir skattar á aðföng, eignir eða fyrirtæki trufla ráðstöfun fjármuna sem dragi úr vexti framleiðinnar. Háir jaðarskattar á tekjur einstaklinga og fyrirtækja stuðla



*Háir tekjuskattar á fyrirtæki í alþjóðlegu samhengi standa í vegi fyrir beinni erlendri fjárfestingu.*

síst að frumherjastarfsemi og þar með hagvexti. Háir tekjuskattar á fyrirtæki í alþjóðlegu samhengi standa í vegi fyrir beinni erlendri fjárfestingu. Slíkt heldur aftur af mögulegum vexti framleiðinnar og hagvexti þar sem minni tækniþekking berst frá erlendum fyrirtækjum til innlendra. Á undanförunum árum hefur byggst upp tiltölulega samkeppnishæft skattkerfi. Það verður að varðveita.

Það voru veigamikil rök sem réttlættu að fjárlög ársins 2009 voru afgreidd með miklum halla, en hann er ósjálfbær og stenst ekki nema í skamman tíma. Jöfnuður í ríkisfjármálum felur óhjákvæmilega í sér samdrátt í útgjöldum því útilokað er að jafna hallann með hækkun skatta. Því skiptir öllu að hafa skattheimtuna eins skilvirka og kostur er en vinna að því um leið að auka framleiðni starfsmanna, ekki síst á vettvangi hins opinbera. Skilvirkt skattkerfi dregur úr nauðsyn þess að skerða ríkisútgjöld og þar með skerðingu á þjónustu.



## Hvati til nýsköpunar

Fjölmargar úttektir og kannanir, sem m.a. hafa verið unnar á vettvangi Samtaka iðnaðarins, sýna að verulegur skortur er á stuðningi við fjármögnun til nýsköpunar- og þróunarstarfs Íslenskra fyrirtækja. Tölur frá OECD sýna að miðað við hlutfall af þjóðarframleiðslu eru bein framlög bandarískra yfirvalda til rannsóknar- og þróunarstarfs þarlendrar fyrirtækja þreföld á við það sem hér þekkist. Annars staðar, t.d. í Kanada, Hollandi, Frakklandi og Noregi, hefur auk samkeppnisstyrkja verið lögð áhersla á fjárhagslega hvata í tengslum við skattkerfið til að efla rannsóknar- og þróunarstarf innan fyrirtækja. Slíkar leiðir hafa ekki verið farnar hér á landi. Norðmenn hafa náð góðum árangri við að búa til hvata til nýsköpunar. Norska kerfið, Skattefunn, er í reynd endurgreiðslukerfi sem veitir skattskyldum fyrirtækjum rétt til að fá 20% kostnaðar

vegna rannsóknar- og þróunarverkefna endurgreidd upp að tilteknu þaki. Skattkerfið nýtist í þessu skyni þannig að þau fyrirtæki sem greiða tekjuskatt fá afslátt en þau sem ekki greiða skatt fá endurgreiðslur. Kerfið er þannig óháð skattþróun og þeim skatti sem fyrirtækin greiða. Þetta gerir kerfið sérstaklega áhugavert fyrir lítil og vaxandi fyrirtæki sem eru með það mikinn þróunarkostnað að þau eru enn ekki farin að greiða beina tekjuskatta af rekstrarhagnaði. Samtök iðnaðarins hafa lengi bent á að norska skattaleiðin gæti verið heppileg á Íslandi og verið uppspretta vaxtar og verðmætasköpunar í framtíðinni.

## Einfaldari og hagkvæmari stjórnsýsla

**Einn af lykilþáttum þess að atvinnulífið sé samkeppnishæft er að samskipti við opinbera aðila sé skilvirkt. Endurskipulagning og umbætur í almennu eftirliti með atvinnulífinu ættu að vera keppikefli stjórnvalda sem vilja efla atvinnulífið. Það getur einnig nýst til að draga úr opinberum útgjöldum og kostnaði við eftirlit án þess dregið sé úr þeim kröfum sem atvinnulífinu er gert að fara eftir.**

Samtök iðnaðarins hafa vaxandi áhyggjur af því að lög og reglur á sviði umhverfis- og auðlindamála, ásamt framkvæmd þeirra, leggi stein í götu eðlilegrar starfsemi fyrirtækja og framgangs framkvæmda. Dæmum um deilur um túlkun laga, lagastoð reglna og reglugerða, ásamt seinagangi stjórnvalda við afgreiðslu mála virðist fjölga ört. Ein leið til að draga úr slíku er að hagsmunaaðilar fái að koma að gerð lagafrumvarpa, reglugerða og reglna eða breytinga á þeim á sviði umhverfis- og auðlindamála, til þess að draga úr og helst koma í veg fyrir ágreining og deilur um lög og reglur og framkvæmd þeirra. Slíkt samráð þjónar þeim tilgangi að leiða hugsanlega annmarka strax í ljós.

### Aukið samstarf

Umhverfis- og auðlindamál eru mikilvæg og umfangsmikil í starfsemi margra fyrirtækja. Fyrirtækin leggja almennt áherslu á að geta framfylgt þeim reglum er gilda þar um. Því er mikilvægt að þær reglur séu skýrar og einfaldar svo auðveldara sé fyrir fyrirtækin að vinna eftir þeim. Reynslan hefur sýnt að samstarf atvinnulífs og stjórnvalda er gagnlegt við undirbúning regluverks. Mikilvægt er að þeir sem eiga hagsmuna að gæta komi að gerð reglna sem þeim er ætlað að vinna eftir.

Árið 1999 voru sett lög um opinberar eftirlitsreglur sem gera þá kröfu til opinberra stofnana og ráðuneyta að leggja víðtækt mat á þær eftirlitsreglur sem þau hyggjast

setja. Bæði á að leggja mat á beinan kostnað hins opinbera, atvinnulífs og einstaklinga en einnig á óbeinan kostnað samfélagsins af framkvæmd eftirlitsreglna. Einnig á að setja fram athugun á því hvort hagkvæmstu leiðir séu valdar við eftirlit og meta hvort það sé nauðsynlegt yfir höfuð miðað við þau markmið sem sett eru. Þessi lög ná yfir starfsemi einstaklinga og fyrirtækja sem m.a. eiga að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings og eðlilegum viðskiptaháttum. Því miður er mikill misbrestur á því að stjórnvöld fari eftir þessum lögum og sum ráðuneyti til að mynda hafa aldrei lagt fram mat á eigin eftirlitsreglur.

Með því að útvíkka þessar reglur þannig að þær nái líka yfir lagasetningu og reglugerðir almennt má stuðla að því að aðeins nauðsynlegustu lög og reglur séu settar. Það er mikill samfélagslegur ávinningur að því að geta betur gert sér grein fyrir áhrifum laga og reglna á hag almennings og fyrirtækja.

Aukið gagnsæi, flæði upplýsinga og opin stjórnsýsla er til þess fallin að auka traust á henni og efla atvinnulífið um leið. Mikil þörf er á því um þessar mundir, ekki síst gagnvart erlendum fjárfestum sem kynnu að vilja taka þátt í atvinnustarfsemi og uppbyggingu hér á landi.

*Aukið gagnsæi, flæði upplýsinga og opin stjórnýsla er til þess fallin að auka traust á henni og efla atvinnulífið um leið.*

### Markviss stefna í opinberum innkaupum

Markaðsstaða opinberra aðila er svo sterk á mörgum mörkuðum að upplýst innkaup á vöru og þjónustu geta haft lykilaðhrif á vörupróun fyrirtækja og nýsköpun íslensks atvinnulífs. Vegna aðildar Íslands að EES-samningnum lútum við yfirþjóðlegri stefnumótun ESB á sviði opinberra innkaupa. Það felur meðal annars í sér að opinberum aðilum ber skylda til að upplýsa markaðinn vel og tímanlega um áform sín. Upp á þetta hefur skort á Íslandi en ekki síður að þeir hafi kynnt sér markaðinn og aðstæður áður en farið er í útboðsferli. Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að opinberir aðilar lýsa í útboðsskilmálum sínum nákvæmlega hvað þeir vilja láta gera og koma þannig sjálfir með lausnina. Með því að

leggja áherslu á þörfina og láta markaðinn um að stinga upp á skapandi lausnum má nota opinbert fjármagn til að örva nýsköpun í atvinnulífinu. Ekki er síður mikilvægt að opinberir aðilar leiti ekki ósjálfrátt til lægstu tilboða heldur þeirra hagkvæmstu í viðtækum skilningi þess orðs. Fjöldmörg dæmi eru um að lægstu tilboðin hafi reynst afar kostnaðarsöm fyrir hið opinbera þegar upp er staðið. Til að vinna að verkefnum á þessu sviði hefur orðið til samstarfsvettvangur um opinber innkaup með þátttöku Samtaka iðnaðarins. Fyrir þeirra tilstuðlan tóku gildi lög árið 2007 um opinber innkaup. Afar mikilvægt er að nýta þann vettvang til fulls þannig að opinbert fjármagn nýtist sem best og stuðli að nýsköpun og þróun í atvinnulífinu.



## Fjármálamarkaðir – lífæð atvinnulífsins

**Skilvirkir og frjálsir fjármálamarkaðir leiða saman fjárfesta og sparifjäreigendur. Þeir skapa farveg sem beinir fjármunum til lántakenda og í fjárfestingar og gegna lykilhlutverki í hverju efnahagskerfi. Þannig leitar fjármagn frá þeim sem vilja ávaxta sparifé sitt til þeirra sem vilja fjárfesta í uppbyggingu atvinnulífsins. Þetta ferli eykur skilvirkni hagkerfisins og skapar skilyrði til nýsköpunar og uppgangs í efnahagslífinu. En fjármálamarkaðir geta líka verið uppspretta óstöðugleika og samdráttar í raunhagkerfinu eins og glögglega hefur komið í ljós á síðustu misserum. Eftir sem áður mun traust bankakerfi og öruggt skipulag fjármálaviðskipta verða nauðsynlegt til að greiða fyrir fjárfestingum og uppbyggingu atvinnulífsins í framtíðinni.**

Mest alla 20. öldina voru hreyfingar á fjármagni hér á landi bundnar ströngum skilyrðum og takmörkuðust einkum við erlendar lántökur opinberra aðila auk þess sem erlendar fjárfestingar voru að mestu leyti bannaðar. Árið 1995 var á grundvelli samningsins um EES búið að afnema öll höft í fjármálaviðskiptum og nútíminn hóf innreið sína að þessu leyti.

### Efnahagslegt strand

Íslenskur fjármálamarkaður beið skipbrot á síðasta ári þegar 85% af íslenska bankakerfinu hrundi í einu vetfangi. Stóru viðskiptabankarnir fóru í þrot í kjölfar alþjóðlegrar fjármála- og lausafjarkreppu sem enn sér ekki fyrir endann á. Markaðsverðmæti fjármálafyrirtækja var fyrir áfallið um 80% af samanlögðu verðmæti skráðra hlutafélaga í kauphöllinni. Velta í kauphöllinni hefur hrunið eftir fallið og var dagleg velta aðeins um 1% af því sem hún var áður. Aðeins sex félög mynda nú úrvalsvísitöluna en voru 75 árið 2001. Þeim fækkaði þó talsvert og voru 20 í ágúst 2008. Skuldabréfamarkaðurinn varð einnig fyrir áfalli en vísbendingar eru um að hann verði fljótur að ná sér. Skýringin er m.a. mikil fjármögnunarbörf opinberra aðila.

Í raun má segja að fjármálakerfið, sem byggðist upp á frjálsu flæði fjármagns, sjálfstæðri peningastefnu og fljótandi krónu, hafi ekki þolað álagið.

### Ýtt úr vör að nýju

Þrátt fyrir skipbrot hlutabréfamarkaðarinn er mikilvægt að reyna að endurbyggja þennan markað enda gegnir hann mikilvægu hlutverki. Hann er uppspretta fjármögnunar atvinnulífsins. Hann gerir skráðum hlutafélögum kleift að sækja viðbótarfjármögnun með útgáfu og sölu hlutafjár. Fyrirtækin eru því síður háð lánsfé. Upplýsingaskylda sem hvílir á skráðum félögum leiðir auk þess af sér aukinn aga og skilvirkni í rekstri. Þegar fjöldi skráðra félaga á Íslandi var sem mestur gegndi hlutabréfamarkaðurinn mikilvægu hlutverki í hagræðingu og nýsköpun í atvinnulífinu. Þetta á við um mörg sjávarútvegsfyrirtæki en ekki síður nokkur af öflugustu iðnfyrirtækjum landsins, s.s. Össur og Marel. Loks eru hlutabréfamarkaðir vettvangur fyrir fjárfesta að koma fé sínu í vinnu.

Við stöndum frammi fyrir því risavaxna verkefni að treysta stöðir atvinnulífsins í kjölfar þeirra efnahagsáfalla sem dunið hafa yfir. Öflugt, vel skipulagt og trúverðugt fjármálakerfi gegnir þar mikilvægu hlutverki. Fjölmargar rannsóknir styðja þá fullyrðingu, sem fyrst var sett fram af hinum þekktu hagfræðingi Joseph Schumpeter árið 1911, að þjónusta af hálfu fjármálastofnana geti verið áhrifamikill aflvaki tækninýjunga og hagþróunar. Sterk tengsl eru á milli þess hversu þróuð fjármálaviðskipti eru og almennrar hagsældar í landinu.

Óvissu um framtíðarfyrirkomulag gjalddeyris- og peningamála og eignarhald á bönkum hér á landi verður að eyða sem fyrst. Sú óvissa getur dregið úr möguleikum fjármálakerfisins að styðja atvinnulífið sem skyldi. Þessi stuðningur er líka gagnkvæmur því styrkur fjármálakerfisins byggist á því að það þjóni öflugu atvinnulífi sem vex með heilbrigðum hætti.





*Óvissu um framtíðarfyrirkomulag gjaldeyris- og peningamála og eignarhald á bönkum hér á landi verður að eyða sem fyrst.*

### Mikill hallarekstur hins opinbera þrengir að fjármálamarkaðnum

Í kjölfar umskipta í efnahagslífinu er ljóst að fjárhagsstaða hins opinbera hefur versnað til muna. Fyrirsjáanlegt er að mikill halli verður á rekstri ríkissjóðs á þessu ári og því næsta. Þessum hallarekstri þarf ríkissjóður að mæta og í kjölfar breyttra aðstæðna mun hluti þess halla verða fjármagnaður innanlands. Þessu til viðbótar leggur ríkissjóður bönkunum til eigið fé í formi ríkisskuldabréfa. Þess þarf að gæta að nauðsynleg fjármögnun banka-kerfisins og Seðlabankans setji ekki fjármögnun atvinnulífsins í uppnám. Ríkisskuldabréf þykja að jafnaði öruggustu skuldabréfin sem gefin eru út í sérhverri mynt. Í samkeppni um takmarkað laust fé sem er í umferð

munu ríkisskuldabréf hafa betur í samkeppni við önnur bréf. Ríkið mun þannig soga til sín laust fé í hagkerfinu og ryðja burt fjárfestingarmöguleikum einkageirans og hækka fjármagnskostnað hans. Fjármögnun hins opinbera á frjálsum fjármálamarkaði getur þannig haft alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið. Sama gerist ef hið opinbera fjármagnar sig að verulegu leyti með því að hækka skatta sem getur dregið úr sparnaði einkageirans og lánsfé til ráðstöfunar á fjármálamarkaði. Til að auka á skilvirkni hagkerfisins og fjármálamarkaðarins er því lyklatríði að ná sem allra fyrst jafnvægi í rekstri hins opinbera.

### Hlutverk bankakerfisins við endurskipulagningu atvinnulífsins

Mikill samdráttur í eftirspurn, fall krónunnar og skuldsetning atvinnulífsins veldur því að endurskipulagning á fjárhag fyrirtækja og uppstokkun í atvinnulífinu er óhjákvæmileg. Þetta mun reyna mjög á bankakerfið sem gengur á sama tíma í gegnum endurskipulagningu. Nýju bankarnir hafa komið sér saman um verklagsreglur sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir fall lífvænlegra fyrirtækja sem undir eðlilegum kringumstæðum ættu framtíð fyrir sér. Þessu ferli er ætlað að tryggja gagnsæi og styðja við aukna samkeppni í atvinnulífinu. Ferlið byggir á alþjóðlegum viðmiðum, svokallaðri Lundúnaleið, sem er rami utan um viðamikil lánamál. Í þessu felst m.a. að bankarnir stofna umsýslufélög til að yfirtaka eignarhluti sem kunna að lenda í höndum þeirra. Markmiðið er að eignarhaldið sé tímabundið og félagin verði seld um leið og aðstæður á markaði leyfa. Verði þessi umsýslufélög skipulögð

sem fjárfestingasjóðir er auðvelt að hugsa sér að utanaðkomandi aðilar, t.d. lífeyrissjóðir eða aðrir fjársterkir aðilar, geti fjárfest í þeim. Slíkt gæti aukið trúverðugleika og laðað aukið áhættufé inn í efnahagslífið. Sjóðir af þessu tagi geta líka stuðlað að því að til verði einingar sem unnt verður að skrá í kauphöll þegar aðstæður leyfa.

Mestu máli skiptir að fyrirtæki í vænlegum rekstri stöðvist ekki. Við það geta ómetanleg verðmæti tapast. Aðstæður um þessar mundir einkennast af djúpri efnahagslægd sem skekur allan hinn vestræna heim. Stuðningur fjármálakerfisins við atvinnulífið verður að taka mið af raunhæfum forsendum á borð við hversu líklegt sé að fyrirtækin geti staðið undir atvinnu, greiðslu fjármagnskostnaðar og arði til eigenda í framtíðinni.



## Stöðugt verðlag er forsenda hagvaxtar

**Stundum heyrir að við séum í þriðja skipti á sjö árum að fá yfir okkur verðbólguþróun í kjölfar gengisfalls krónunnar. Eðlilega er sú ályktun dregin að peningastefna, sem byggir á sjálfstæðum seðlabanka með verðbólguþróun, skili ekki tilætluðum árangri. Raunin er sú að hagsaga okkar, alveg frá því að við slitum okkur frá dönsku krónunni og tókum upp okkar eigin krónu, mótast af stöðugu samspili gengisfellinga og verðbólgu. Munurinn nú og þá liggur í því að við skilyrði fljótandi gengis fellur krónan á markaði en áður fyrr voru slíkar ákvarðanir teknar í Stjórnarráðinu. Með handvirkum gengisfellingum mátti bæta samkeppnisstöðu sjávarútvegs og lækka raunlaun í kjölfar óraunhæfra kjarasamninga.**

### Skaðlegar afleiðingar verðbólgunnar

Þrátt fyrir mikla verðbólgu í árunna rás og það áfall sem nú ríður yfir efnahag landsins er Ísland efnað ríki. Atvinnuleysi hefur jafnan verið lítið, kaupmáttur vaxið og hagvöxtur hefur að meðaltali verið þökkalegur. Því er eðlilegt að spyrja hvort verðbólga og óstöðugt gengi sé ekki bara viðunandi svo framarlega sem allt annað gengur þökkalega. Þetta er alröng ályktun og nær væri að spyrja hvers við höfum farið á mis vegna viðvarandi verðbólgu. Skaðinn af verðbólgu er af margvíslegum toga. Sá alvarlegasti er að hún skerðir samkeppnishæfni atvinnulífsins sem birtist í síhækkandi kostnaði og samfelldri rýrnun á verðgildi peninga. Ávöxtun óverðtryggðs sparnaðar minnkar og höfuðstóll verðtryggðra skulda hækkar sem og greiðslubyrði slíkra lána, svo ekki sé minnst á gengistryggðu láni. Óvissa við áætlanagerð eykst og öll samningagerð, þ.m.t. gerð kjarasamninga, verður erfiðari en ella. Verðbólga skapar einnig viðvarandi hættu á vöxlverkun launa og verðlags

og það ferli nærir verðbólgunna. Þessu til viðbótar eru ótal rannsóknir sem benda til þess að til langs tíma litið dragi verðbólga úr hagvexti. Lág verðbólga og stöðugleiki hlýtur því að vera markmið efnahagsstefunnar. Vandséð er að íslenska krónan geti stuðlað að því markmiði í framtíðinni.

### Verðrýrnun peninganna

Árið 1981 kostaði dollarinn 7,20 krónur. Þundið kostaði 14 krónur en danska krónan var jafn ódýr og hin íslenska og fékkst á 1 krónu. Nú er öldin önnur og verðgildi krónunnar aðeins brot af því sem það var árið 1981. Ástæðan er sú að verðbólga hefur að jafnaði verið meiri hér en annars staðar. Allt þar til að húsnæðisverð tók að knýja verðbólguna árið 2004 voru það einkum þrjú þættir sem einkenndu verðbólgu. Í fyrsta lagi hækkuðu laun gjarnan langt umfram framleiðnivöxt. Í öðru lagi hækkaði verð oft á aðföngum svo sem olíu, fóðri og matvælum. Loks fóðruðu handstýrðar gengisfellingar verðbólguþróun sem lokaði glatt. Verðbólga, laun og gengi próast síðan innbyrðis þar sem hver þáttur er öðrum háður.

Snemma á tíunda áratugnum tókst að rjúfa víxlhækkun launa og verðlags með þjóðarsáttinni. Við tók nokkurra ára tímabil sem einkenndist af lítilli verðbólgu, kaupmáttarrýrnun, auknu atvinnuleysi og óverulegum hagvexti. Á þeim tíma tókst að halda gengi krónunnar allstöðugu enda var það markmið peningastefunnar. Þegar fjármagnsflutningar voru gefnir frjálslir var ljóst að ekki væri hægt að viðhalda stöðugu gengi og hafa á sama tíma sjálfstæða peningastefnu. Í kjölfarið var tekin upp ný stefna: Verðbólguþróun og beiting stýrivaxta í sjálfstæðum Seðlabanka.



*Þrátt fyrir mikla verðbólgu í árána rás og það áfall sem nú ríður yfir efnahag landsins er Ísland efnað ríki.*


### Misheppnuð tilraun

Árið 2001 var Seðlabankanum veitt heimild til að ákvarða vexti með það að markmiði að halda verðbólgu í skefjum. Árangurinn hefur ekki orðið sá sem vonir stóðu til. Verðbólga hefur verið mikil, laun hafa hækkað umfram framleiðni og gengi krónunnar hefur hrunið.

Því má halda fram að krónan hafi þjónað því hlutverki að skapa ákveðinn sveigjanleika í hagkerfinu. Hún hefur stuðlað að því að halda uppi atvinnustigi og leiðrétta laun að verðgildi. Krónunni hefur hins vegar ekki tekist að uppfylla hefðbundin hlutverk gjaldmiðla. Hún hefur ekki reynst traustur viðskiptagjaldmiðill. Þess vegna neyddust Íslendingar til að taka upp annan gjaldmiðil við hlið krónunnar: Verðtrygðu krónuna.

Gjaldeyrismálin einkennast um þessar mundir af ógnarháum vöxtum og gjaldeyrishöftum. Nauðsynlegt er að leita allra leiða til að styrkja gengi krónunnar þangað til frambúðarlausn hefur fengist á skipan gjaldeyrismála hér á landi.

### Gengisþróun nokkurra gjaldmiðla gagnvart evru



Á einu ári hefur krónan misst um helming af verðgildi sínu gagnvart evru. Vísitala sem ber saman þróun norræna gjaldmiðla gagnvart evru sýnir að norska og sænska krónan hefur fallið um fimmting. Danska krónan, sem haldið er stöðugri gagnvart evru innan ERMII, heldur sínum styrk og viðheldur gengisstöðugleika gagnvart mikilvægustu viðskiptalöndum.





## Verðmætin skapa kaupmáttinn

**Aðstæður á vinnumarkaði endurspeglar á hverjum tíma aðstæður í efnahagslífinu. Á árunum 2004-2007 var atvinnuleysi með minnsta móti og laun hækkðu talsvert án þess að umtalsverð kaupmáttaraukning hlýst af. Margt erlent starfsfólk kom til landsins og spenna einkenndi vinnumarkaðinn.**

Umskipti í efnahagslífinu 2008 breyttu þessari þróun snarlega – atvinnuleysi jókst hröðum skrefum og laun lækkuðu að raungildi vegna mikillar verðbólgu. Kaupmáttur hefur dregist saman og mun gera það áfram. Þessi erfiða staða launafólks endurspeglar í þröngri stöðu margra fyrirtækja í landinu. Það er því sameiginlegt hagsmunamál launafólks og atvinnurekenda að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og stuðla að því að þau geti farið að snúast hratt á ný eftir að botni niðursveiflunnar hefur verið náð. Það er samfélagslegt verkefni að verja kaupmátt og líf skjör fólks í landinu. Þetta er erfitt viðfangsefni sem kostað getur tímabundnar fórnir, en ekki óvinnandi.

### Framleiðslan greiðir launin

Eitt sinn átti bandaríski iðnjöfufurinn Henry Ford í deilum við starfsfólk sitt sem krafðist hærri launa. Ford er sagður hafa svarað því til að það væri ekki hann sem borgaði launin heldur bílarnir sem starfsfólkið framleiddi. Vildi það hærri laun þyrfti að framleiða fleiri og betri bíla. Vissulega hafa kjör og réttindi launþega breyst mikið frá því snemma á tuttugustu öld þegar þessi orð voru mælt en þau fela í sér mikilvæga staðreynd. Þau laun sem greidd eru í landinu eru fyrir að framleiða þau gæði og þjónustu sem mynda landsframleiðsluna. Til að hægt sé að hækka laun og auka kaupmátt verður það að haldast í hendur við aukin framleiðsluverðmæti.

Afrakstur af atvinnustarfsemi skiptist milli launafólks og eigenda fyrirtækja en óviða í heiminum er hlutur launþega hærri en á Íslandi. Á árunum 1973-2002 var hlutfall launa hér 65%. Árin 2005-2007 var hlutfallið komið í tæp 70%. Á sama tíma eru hlutföllin í Evrópu víðast um 57% en nokkru hærri í Svíþjóð og Danmörku. Þetta háa hlutfall á Íslandi hlýtur að vera umhugsunarefni. Sú hætta blasir við að það geti bitnað á fjárfestingum og dregið með því úr hagvexti í framtíðinni. Hátt hlutfall launa af þjóðartekjum á Íslandi veldur því að minni hlutur fellur atvinnurekstrinum í skaut og skilur eftir minna svigrúm til uppbyggingar atvinnulífsins en í samkeppniöldunum.


Hugsanleg skýring á þessari aukningu síðustu ára liggur í hinni miklu spennu sem einkennt hefur íslenskan vinnumarkað síðustu 3-4 ár. Kaupmáttur launa hefur aukist án þess að að baki þess standi raunveruleg aukning á framleiðni og verðmætum. Vissulega hefur hagvöxtur verið mikill en hann á rætur í aukinni vinnuafslotkun og miklum fjárfestingum fyrir erlent lánsfé. Þetta kemur niður á samkeppnishæfni íslensks iðnaðar og atvinnulífs í heild sinni. Hagkvæmasta leiðin til að treysta kaupmátt launa til lengdar felst í að launamyndun taki mið af breytingum í framleiðni samhliða því að tókum verði náð á verðbólgunni.

Frumforsenda aukins kaupmáttar og betri lífskjara felst þannig í aukinni framleiðni – að sérhver vinnustund gefi af sér aukin verðmæti.



*Frumforsenda aukins kaupmáttar og betri lífskjara felst þannig í aukinni framleiðni – að sérhver vinnustund gefi af sér aukin verðmæti.*

## Þróun launa og kaupmáttar 2001-2008



Síðustu ár hafa laun hækkað hratt án þess þó að tilsvarendi aukning kaupmáttar hafi komið til. Munurinn skýrist af mikilli verðbólgu. Árið 2008 tók kaupmáttur að dragast hratt saman og undir árslok var hann fallinn niður á svipað stig og í ársbyrjun 2005. Þróun kaupmáttar og launa sýnir glögglega að hækkun launa er ekki forsenda aukins kaupmáttar – lækkun verðbólgu er hins vegar bryn efnahagsleg nauðsyn.

## Spejilmynd efnahagslífsins

Vinumarkaðurinn endurspeglar á víðtækan hátt það sem er að gerast í efnahagslífinu á hverjum tíma. Það er ekki bara atvinnuleysi sem er lýsandi fyrir aðstæður eins og bersýnilega hefur komið í ljós eftir að kreppan skall á af fullum þunga. Margir aðrir þættir koma við sögu og þróun þeirra varpar skýrri mynd á ástand efnahagslífsins. Vinnutími hefur tilhneigingu til að dragast saman þegar kreppir að enda dregur úr yfirvinnu og vægi hlutastarfa eykst. Mörg fyrirtæki kjósa að minnka starfshlutföll frekar en að segja upp fólki. Atvinnuþátttaka í heild sinni minnkar en þó mismikið eftir aldurshópum. Minnkunin er mest hjá þeim sem yngstir eru enda standa þeir gjarnan verr að vígi þegar hægir um á vinnumarkaði. Minnkandi atvinnuþátttaka veldur því hins vegar að aðsókn í skóla eykst á öllum stigum. Fólk fer frekar í framhaldsnám en að reyna að fá vinnu. Fólk

sem hefur farið út á vinnumarkaðinn áður en námi lauk hópast einnig inn í skóla til að ljúka prófgráðum til að standa betur að vígi þegar ástandið batnar. Einnig er athyglisvert að fylgjast með barnsfæðingum. Árið 1987, skattlausu árið svokallaða, voru óvenju fáar barnsfæðingar enda þurfti fólk ekki að greiða skatta af tekjum. Næga vinnu var að fá og í hagfræðilegum skilningi var dýrt að eignast börn. Þegar efnahagsástand tók á versna á ný fjölgaði fæðingum. Nú þegar kreppir verulega að verður spennandi að vita hvort afleiðingin verður mikil fjölgun barnsfæðinga í kjölfar kreppunnar.



## Menntun hleypir krafti í atvinnulífið

Þeim fyrirtækjum vegnar best sem tekst að nýta aðföng sín vel og skapa mesta eftirspurn eftir eigin vöru og þjónustu. Þar verður verðmætasköpun mest. Aðföng til framleiðslu fyrirtækja eru margvísleg en má í stórum dráttum skipta í tvennt: fjármagn og starfsfólk. Fyrirtæki nútímans búa til verðmæti í krafti þekkingar og sérstöðu. Starfsfólk gegnir sífellt stærra hlutverki í samkeppnishæfni fyrirtækja. Menntun, þekking og reynsla fyrirtækja er að stórum hluta bundin í starfsfólkinu. Miklu skiptir því að fyrirtæki hafi aðgang að vel menntuðu og þjálfðu fólki á öllum sviðum.

Jákvæð fylgni er milli lífsgæða og góðs menntakerfis. Uppgangur í atvinnulífinu ert mestur meðal þjóða með hátt hlutfall menntaðs fólks. Menntakerfið er mikilvægur farvegur til að uppfylla þarfir fyrirtækja fyrir vel menntað og þjálfað starfsfólk.

Ábyrgð menntakerfisins á hagsæld einstaklinga og atvinnulífs er mikil. Skólar þurfa að bjóða námsbrautir sem leiða til krefjandi og vel launaðra starfa. Það er allra hagur að menntakerfið leitist við að sinna þörfum atvinnulífsins.

Samtök iðnaðarins eru bakhjarlar einstakra skóla og fræðslustofnanna. Afskipti samtakanna af menntamálum hafa þann tilgang að efla mannauð og um leið verðmætasköpun í iðnfyrirtækjum á landinu öllu. Framlag þeirra á að vera stjórnvöldum hvatning til að leggja meira af mörkum. Það hlýtur að vera sameiginlegt áhugamál atvinnulífs og stjórnvalda, ekki síst um þessar mundir, að byggja upp menntakerfi sem skilar samfélaginu verðmætum störfum.

### Mikill dugnaður – lítil afköst

Athafnasemi er dyggð hér á landi. Þetta sést m.a. af tvennu: atvinnuþátttaka er mikil og óviða skilar starfsfólk fleiri vinnustundum. Atvinnuþátttaka hefur undanfarin ár verið um og vel yfir 80%, þ.e. sem hlutfall vinnuafis af heildarmannfjölda. Árið 2008 var hlutfallið komið í 85,6% en til samanburðar var meðalatvinnuþátttaka í OECD- löndum 72,1% á sama tíma. Hinsvegar er fyrir séð að draga mun hratt úr atvinnuþátttöku hér á landi næstu misseri í ljósi versnandi efnahagsástands.

Óviða eru vinnustundir fleiri á einstakling en hér á landi. Undanfarin ár hefur meðalstundafjöldi fólks í fullu starfi verið hátt í 50 klst. á viku. Mikill vinnuvilji er vissulega jákvæður en ef hægt væri að ná sama framleiðslustigi með minna vinnuframlagi stæðu lífskjör á hærri stigi.

Framleiðni á hverja vinnustund er lægri hér á landi en víða annars staðar. Með samanburði við önnur lönd kemur í ljós að Ísland er 27. í röðinni af 37 ríkjum OECD þegar litið er til framleiðni á hverja vinnustund. Lúxemborg er efst og Mexíkó neðst.

Við stærum okkur gjarnan af því að vera vel menntuð þjóð. Slík fullyrðing er umdeilanleg. Vissulega verja fáar þjóðir eins miklu fjármagni til menntakerfisins en Íslendingar. Ísland hefur á undanförmum árum varið um 7% af vergri landsframleiðslu til menntamála sem er með því allra hæsta sem ríki OECD verja til þessa málaflokks. En hvernig nýtist þetta fé? Hver er árangur íslenskra nemenda í samanburði við nemendur annarra þjóða?

Alþjóðlegur samanburður (m.a. PISA-kannanir) bendir ekki til eindreginnar jákvæðrar fylgni milli fjárfrelaga til menntamála og árangurs nemenda.



*Jákvæð fylgni er milli lífsgæða og góðs menntakerfis. Menntakerfið er mikilvægur farvegur til að uppfylla þarfir fyrirtækja fyrir vel menntað og þjálfað starfsfólk.*

### Fleiri raungreinamenntaða

Á Norðurlöndum, annars staðar en á Íslandi, brautskráist um og yfir 80% fólks á aldrinum 20-24 með stúdentspróf. Á Íslandi er hlutfallið 51%. Af þessu leiðir að hlutfallslega færri ungt fólk nemur við háskóla hér á landi en í nágrannalöndum okkar og færri sækja háskólagreinar sem iðnaðurinn hefur þörf fyrir, t.d. verkfræði og skyldar greinar, en annars staðar á Norðurlöndum. Þrátt fyrir það hefur þetta þokast í rétta átt á undanföllum árum, m.a. vegna tilkomu tækni- og verkfræðideildar HR. Árin 1996-2006 fjölgaði brautskráningum á háskólastigi um 2,1% og brautskráningum í verkfræði um 2,8%. Þetta er vísbending um að hlutfall raungreinamenntaðra af brautskráningum á háskólastigi fari vaxandi en við þurfum hraðari og meiri fjölgun verk- og tæknimenntaðra en sem þessu nemur.

### Of fáir iðn- og starfsmenntaðir

Við eigum gott iðn- og starfsmenntakerfi. Alls eru iðngreinar um 60 talsins og skilgreint nám er vaxandi í öðrum starfsgreinum, s.s. verslun og þjónustu og í heilbrigðisgeiranum. Kerfið er hins vegar vannýtt. Of fáir brautskrást með iðn- og starfsmenntun, miðað við möguleika fólks til skapandi og vel launaðra starfa. Auk þess er óhæfilega mikill kynjamunur í mörgum greinum. Yfirleitt hallar á konur í einstökum iðngreinum. Frá því eru þó undantekningar, m.a. í snyrtigreinum.

### Vannýttur mannauður vegna lítillar menntunar og þjálfunar

Of hátt hlutfall vinnuafis hér á landi er án formlegrar menntunar og þjálfunar, of margir eru ófaglærðir. Ísland hefur sérstöðu meðal þjóða vegna hás hlutfalls vinnuafis sem er án formlegrar menntunar og þjálfunar. Um 73% 18 ára ungmenna á Íslandi sækja reglubundið nám. Í Evrópu er meðaltalið 77%. Í Svíþjóð er hlutfallið 95%, í Finnlandi 94%, í Noregi 86% og í Danmörku 80%. Um 27% 20-24 ára gamals fólks á íslenskum vinnumarkaði hefur ekki lokið formlegu prófi í framhaldsskóla. OECD-meðaltalið er 18%. Í Noregi er þetta hlutfall 4%, í Svíþjóð 9,2%, í Danmörku og Finnlandi 9,7%.

Þetta ástand er dýrt og leiðir til sóunar. Það er dýrt fyrir fyrirtækin að neyðast til að ráða illa menntað og þjálfað fólk. Mikill tími fer í tilsögn og auk vinnustunda er efni og tækjum sóað. Menn læra seint og illa til starfa sinna. Þeir finna sig illa í starfi og hverfa því fljótt annað. Gera verður meiri formlegar kröfur til fleiri starfa, svipað og í öðrum löndum.

Samtök iðnaðarins telja mikinn ávinning að því að breyta þessu ástandi. Hér er tækifæri til að hvetja skóla og fræðslustofnanir til að leggja gott til, sbr. það sem FA og IÐAN hafa unnið að, m.a. með raunfærnimati. Fjölga þarf úrræðum fyrir þetta fólk, með nýjum námsbrautum (sbr. byggingaliðabrot) og með því að styðja þá, sem hafa gert hlé á iðnnámi, til að ljúka námi.

### Efla þarf raungreinabekkingu og verkmenntun

Héðinn hf. tók á dögnum formlega í notkun glæsilegt húsnæði að Gjáhellu 4 í Hafnarfirði. Þetta fornfræga fyrirtæki, sem stofnað var árið 1922, hefur einlægt gengið reglulega í endurnýjun lífdaga, aðlagð sig að tækni hvers tíma, endurnýjað húsnæði og aðstöðu alla til þess að ná fram sem mestri hagræðingu og tryggja um leið bestu aðstöðu fyrir starfsfólk.

Á upphafsárum fyrirtækisins störfuðu þar fjórir menn í 60 fermetra húsnæði. Allar götur síðan hefur Héðinn verið í fararbroddi þeirra sem fylgjast með og nýta sér tækninýjungar til að bæta gæði og afköst, sem er forsenda þess að standast samkeppni í áratugi.

Héðinn byggir á gömlum og traustum grunni og hefur nú enn á ný treyst stöðu sína til að takast á við krefjandi og vandasöm verkefni.

**Guðmundur Sveinsson framkvæmdastjóri** leggur áherslu á að efla raungreinabekkingu og verkmenntun í landinu ef takast á að nýta alla þá möguleika sem blasa við í málmiðnaðinum. Hann segir að Héðinn muni fyrir sitt leyti styrkja iðnfræðslu og símenntun, bæði með framlögum og námsaðstöðu enda sé það forsenda þess að standast alþjóðlega samkeppni á tímum örrar vörubrúunar og vaxandi þjónustu á öllum sviðum. Sé það gert geti fyrirtækið og starfsmenn þess tekist á við krefjandi verkefni 21. aldar.

## Hagnýting auðlinda lands og sjávar

**Nýting náttúruauðlinda er samofin sögu mannsins, sem alla tíð hefur nýtt sér gæði náttúrunnar. Ísland er ríkt af margvíslegum auðlindum. Þær höfum við alla tíð nýtt okkur til framfærslu og verðmætasköpunar og það munum við gera áfram.**

Völd og auður hafa alla tíð haldist í hendur við nýtingu náttúruauðlinda. Í nútímanum er þessu þannig háttað að auður og völd byggjast á því að eiga framleiðslutæki af ýmsu tagi. Þrátt fyrir ramman andbyr í efnahagslífinu um þessar mundir er framleiðslustig íslenska þjóðarbúsins hátt í alþjóðlegu samhengi og lífskjör með því besta sem þekktist. Framleiðslustig okkar hefur byggst upp í tímans rás og hefur nýting náttúruauðlinda gegnt stóru hlutverki í þeirri þróun.

### Ábyrg nýting

Líklega geta flestir tekið undir að við eigum rétt á að nýta landsins gagn og nauðsynjar okkur til framfæris en einnig til yndis og ánægju. Nýting auðlindanna verður að vera með skynsamlegum og ábyrgum hætti. Um fátt hefur hins vegar jafnmikið verið deilt á síðustu árum og hvað sé átt við með því og hvaða leiðir séu bestar til að tryggja sjálfbæra nýtingu, hvernig meta eigi eðlilega nýtingu og hvað eigi að vernda. Ágreiningurinn snýst um sýn til náttúrunnar og stöðu mannsins í henni.

Þeir sem berjast fyrir hagsmunum iðnaðarins og vilja eftir fremsta megni nýta landið til atvinnusköpunar líta á manninn sem eðlilegan hluta af náttúrunni. Maðurinn er afsprengi líffræðilegrar þróunar og er nátengdur náttúrunni. Gjörðir okkar og verk, s.s. tún, akrar, veiðar, ræktun skóga, uppistöðulón, borgir og brýr, eru í þeim skilningi eðlilegur hluti af lífríkinu en ekki náttúruspjöll. Vernd náttúrunnar felst í því að varðveita fjölbreytileika hennar og ofbjóða ekki auðlindum.

Nýting náttúruauðlinda og iðnvæðing eru nátengd loftslagsbreytingum sem stafa af útstreymi gróðurhúsa-

lofttegunda, einkum vegna notkunar olíu og kola-brennslu. Þrátt fyrir að nú kreppi að efnahagsbúskap heimsins hefur víðast verið lögð áhersla á að slaka ekki á markmiðum um að draga úr útblæstri og vinna þannig gegn loftslagsbreytingum. Atvinnulífið og iðnaðurinn verða að búa sig undir auknar kröfur um það. Þetta felur í sér bæði tækifæri og ógnanir fyrir íslenskt atvinnulíf. Mikilvæg tækifæri eru fólgin í nýtingu náttúruauðlinda til orkuframleiðslu en hún felur ekki í sér útblástur gróðurhúsalofttegunda. Ísland er í fremstu röð í heiminum þegar kemur að framleiðslu og nýtingu á hreinni orku. Nýsköpun og útrás á þessu sviði getur líka verið mikilvæg uppspretta vaxtar og verðmætasköpunar. Forsenda þess er þó traustur heimamarkaður og áframhaldandi uppbygging. Helsta ógnin sem við stöndum frammi fyrir er að sívaxandi kröfur um að dregið verði úr útblæstri verði til þess að framleiðsla á iðnvörum, t.d. áli, færist til svæða í heiminum þar sem minni kröfur eru gerðar til umhverfismála. Mikilvægt er að tryggja samkeppnishæfni iðnaðar sem nýtir sér endurnýjanlega orku á Íslandi. Í þessu getur falist framlag til bættis loftlags á heimsvísu.

Fjölmörg lönd hafa byggt upp öflugt efnahagslíf án þess að búa yfir auðugum náttúruauðlindum. Japan, Danmörk og Lúxemborg eru ágæt dæmi um það. Þau lönd hafa annars vegar keypt margvíslegar hrávörur og fullunnið afurðir úr þeim og hins vegar lagt áherslu á mannauðsrekan iðnað. Á móti hafa einnig fjölmörg lönd sem eru afar rík af náttúruauðlindum aldrei náð að byggja upp sterkt efnahagslíf, s.s. Suður-Afríka, Brasilía og Argentína. Ástæður þessa eru einkum pólitískar og að almennt efnahagsumhverfi og hagstjórn hafa verið óhagfelld. Eignarhald og nýting náttúruauðlinda er því hvorki trygging né forsenda aukinnar velmegunar. En í auðlindum okkar felast hins vegar margvísleg tækifæri sem skylt er að nýta með sem hagfelldustum hætti.





*Nýsköpun og útrás á þessu sviði getur líka verið mikilvæg uppspretta vaxtar og verðmætasköpunar.*

### Óþrjótandi möguleikar

Þær auðlindir sem helst hafa verið nýttar hérlandis eru fiskistofnar, orka, jarðhiti og landið sem ræktað hefur verið til landbúnaðar. Miklir möguleikar eru á að nýta þessar auðlindir betur og vinna úr nýjum. Hreint vatn og hágæða matvælavinnsla skapar fjölmörg tækifæri til nýtingar auðlinda sem landið gefur. Unnið er að rannsóknum á frekari nýtingu sjávarafurða í ýmsar vörur, framleiðslu lífvirkra efna, bragðefna, græðandi efna og lyfjaefna. Nokkur gróska er í vinnslu virkra efna úr plöntum og íslenskar heilsuvörur eru komnar á markað. Skoðaðir hafa verið möguleikar á nýtingu hitakærra baktería en virkni þeirra hefur mikla sérstöðu á heimsvísu. Í Bláa lóninu fer fram merkilegt starf þar sem efni úr jarðhitavökva eru hráefni í snyrtivöruframleiðslu og markaðssetning byggir á sérstakri virkni þeirra. Fleiri möguleikar eru á að vinna efni úr jarðhitavökva- og gufum. Jarðefni eru hráefni í fjölbreytta framleiðslu, svo sem byggingarefni eins og sement eða steinull og fleiri tækifæri liggja í loftinu.



Hagnýting auðlinda



## Íslensk orka og iðnaður

**Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan uppbygging stóriðju hófst fyrir hálfri öld. Tækninni hefur fleytt áfram og nú eru Íslendingar í fremstu röð í hönnun ál- og orkuvera, sem er sérþekking sem áður þurfti að kaupa að utan. Framleiðslan hefur stóraukist og árið 2008 var útflutningsverðmæti áls svipað og sjávarútvegs.**

Á sjötta áratug síðustu aldar voru miklar umræður um nauðsyn þess að breikka útflutningsgrundvöll þjóðarinnar sem þá byggðist nánast eingöngu á fiskveiðum og fiskvinnslu. Athygli manna beindist eðlilega að óbeisluðum orkuauðlindum og árið 1966 var gert samkomulag um 60 þúsund tonna álver Ísal í Straumsvík. Framleiðsla hófst þremur árum seinna og var verksmiðjan stækkuð í áföngum eftir því sem framkvæmdum við Búrfellsvirkjun miðaði áfram.

### Ávinningur og sveiflujöfnun

Umræður um ágæti þess að nýta vistvæna íslenska orku til að framleiða verðmætar útflutningsvörur hafa ekki breyst í tímans rás. Stóriðja hefur alltaf verið umdeild en umræður hafa þó breyst frá því að þessi iðnaður festi fyrst rætur hérlandis fyrir ríflega 40 árum. Helst hefur verið deilt á erlent eignarhald iðnfyrirtækja, umhverfismál, loftslagsmál, einstakar virkjanir, flutningsvirki o.fl.


Hvað sem umræður um ágæti ál- og orkuíðnaðar liður er óhætt að fullyrða að orkufrekar iðnaður á Íslandi hefur fært okkur verulegan efnahagslegan ávinning, breiðari útflutningsgrunn, góð og vel launuð störf og stuðlað að sveiflujöfnun í efnahagslífinu. Það sem mestu máli skiptir er þó sú staðreynd að iðnaðurinn hefur skapað tækifæri til að nýta áður óbeislaðar náttúruauðlindir. Mikilvægt er að tryggja að þessi iðnaður geti áfram stuðlað að betri efnahag þjóðarinnar án þess að ganga of nærri auðlindum og umhverfinu.

Efnahagslæggðin í heiminum hefur valdið talsverðri lækkun á álverði. Í kjölfarið hafa framleiðendur víða um heim dregið úr framleiðslu, hagrætt í rekstri og jafnvel lokað verksmiðjum. Þótt lækkun á álverði komi vissulega við þjóðarþú hefur ekki verið dregið úr framleiðslu á Íslandi – þvert á móti. Ástæðan er einföld: Þegar kreppir að munu óhagkvæmustu framleiðslueiningarnar láta undan og þeir hæfustu lifa af. Á Íslandi hafa þeir hæfustu komið sér fyrir.

### Umhverfisvæn framleiðsla

Samkeppnishæfni áliðnaðar á Íslandi fæst alls ekki bara með því að bjóða samkeppnishæft orkuverð. Álframleiðendur horfa ekki síður til þeirrar staðreyndar að á Íslandi er hægt að framleiða ál með minni útblæstri gróðurhúsalofttegunda en annars staðar í heiminum. Vandséð er hvernig nýtt álver sem eingöngu er knúið raforku frá jarðvarmavirkjun hafi alvarleg og skaðleg umhverfisáhrif, sérstaklega ef horft er til umhverfismála í alþjóðlegu samhengi og hins góða árangurs í umhverfismálum sem áliðnaðurinn á Íslandi hefur náð. Ál verður framleitt og því er mikilvægt fyrir umhverfið í heiminum að það sé gert með eins umhverfisvænum hætti og mögulegt er.

Frá umhverfisverndarsjónarmiðum er ál afar hagkvæmur málmur. Annars vegar stuðlar aukin notkun á áli í ýmis samgöngutæki að því að minni orku þarf til að knýja þau vegna þess hve léttur málmurinn er. Hins vegar gegnir endurvinnsla á áli lykilhlutverki í sjálfbærri þróun, en ál má endurvinna hvað eftir annað án þess að það tapi eiginleikum sínum. Endurvinnsla áls sparar mikla orku vegna þess að einungis þarf að nota um 5% af þeirri orku sem þarf til frumvinnslunnar. Því má með gildum rökum halda því fram að við framleiðslu áls á Íslandi með endurnýjanlegum orkugjöfum sé í reynd verið að geyma



orku til framtíðar. Endurvinnsla áls er vaxandi og raunar er talið að um 75% af því áli sem framleitt hefur verið frá upphafi sé enn í notkun.

Eðli orkuauðlinda okkar Íslendinga og landfræðileg lega landsins veldur því að orkan verður einungis nýtt hér. Þegar afurðir sem unnar eru með raforku eru fluttar út er í reynd verið að flytja út orku. Lönd sem framleiða olíu,

sem er helsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda, valda þannig litlum útblæstri sjálf við það eitt að dæla upp olíu og selja úr landi. Í raun fól íslenska ákvæðið í Kyoto-bókuninni í sér viðurkenningu á þessari sérstöðu og við hefðum náð góðum árangri í að minnka losun fyrir viðmiðunarárið.

## Í stórum áföllum geta myndast nýir möguleikar

„Ef til vill kennir þetta okkur annars vegar að við þurfum að huga vel að undirstöðunum fyrir öllum okkar gerðum en samtímis að í stórum áföllum getur myndast vísir að nýjum ófyrirséðum möguleikum,“ segir **Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri** um það áfall sem þjóðabúið hefur orðið fyrir efnahagslega.

„Það er eðlilegt að við spyrjum okkur hvort við getum með einhverju móti orðið að liði til þess að finna leiðir til þess að efla atvinnusköpun í þjóðfélaginu,“ segir orkumálastjóri sem hefur átt þátt í að stofna nokkur sprotafyrirtæki, bæði hér á landi og í Svíþjóð.

Til lengri tíma litið er vönduð stjórnýsla og frumkvæði að frekari rannsóknum á nýtingarmöguleikum auðlinda einn af hornsteinum atvinnulífs og velmegunar hér á landi. Á orkusviðinu liggja til dæmis möguleikar á sviði orkunýtingar og orkukerfa í húsum á köldum svæðum. Framkvæmdir sem gætu orðið til hagsbóta bæði fyrir einstaklinga og ríkissjóð. Þetta samspil húshitunar og mismunandi orkugjafa hefur einmitt verið viðfangsefni rannsókna sem Guðni hefur staðið fyrir.

Hann bendir á að upplýsingastarf Orkuseturs um bættu orkunýtingu í samgöngum hafi bein áhrif á gjaldeyrisbúskap þjóðarinnar. Mikilvægt sé að halda til haga nýjum hugmyndum sem gætu haft þýðingu í þeim efnunum.

Í nýrri fjárlagatillögu er gert ráð fyrir fimm prósentu niðurskurði til stofnunarinnar miðað við fyrri tillögu.

Orkumálastjóri telur stöðuna þó viðunandi í ljósi þess fjárhagsvanda sem nú blasi við ríkissjóði. „Það er hins vegar samdóma álit innlendra og erlendra sérfræðinga að möguleikar okkar til þess að vinna okkur út úr þessari stöðu byggji að verulegu leyti á fjárfestingum í orkugeiranum og því rökrétt að ríkisvaldið gangi ekki of nærri okkar starfsemi.“

Ein afleiðinga kreppunnar er að stórir og eldsneytisfrekir bílar hafa verið seldir úr landi. Miklu máli skiptir að finna nýja orkugjafa fyrir hreyfanlega orkunotendur framtíðar. Þróunin í heiminum er hröð og hörð samkeppni milli lausna á borð við vetnisbíla og rafmagnsbíla.

Á síðasta ári stóð Orkustofnun að samkomulagi við Mitsubishi bílafyrirtækið um samstarf. Annars vegar um rafmagnsbíla og notkun þeirra á Íslandi. Hins vegar um hagkvæmnikönnun á því að framleiða eldsneyti eða svo kallaðan Dímetýleter eða DME úr koltvísýringi úr útblæstri járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og vetni sem fengið er með rafgreiningu á vatni.

Guðni telur að þær breytingar sem nú hafi orðið á efnahagsumhverfinu muni verða til þess að breytingar verði fyrir á ferðinni í þeim málum.

Guðni segir eitt af brýnustu verkefnum náinnar framtíðar að minnka notkun jarðefnaeldsneytis á landi og sjó. Þegar möguleikar til að fjármagna ýmis verkefni í atvinnulífinu verði meiri muni eftirspurn eftir aukaorku aukast; „Og það er mannkyninu mikil nauðsyn að það verði vistvæn orka.“



## Græn störf

**Vaxandi skilningur er á mikilvægi þess að nýta auðlindir jarðar sem best, fara sparlega með, endurnýta og endurvinna. Þetta kemur m.a. fram í áhuga á að haga atvinnustarfsemi þannig að sem minnst umhverfisáhrif verði af starfsemi fyrirtækja. Fjöldi atvinnutækifæra hefur skapast í kringum nýsköpun, þróun og þjónustu á þessu sviði og fyrirsjáanlegt er að umsvifin aukist í nánustu framtíð. Á þessu sviði eru margvísleg tækifæri fyrir Ísland og raunar standa mörg fyrirtæki framarlega.**

Gjarnan er talað um græn störf en skilgreiningin er ekki skýr og þau leggja mismikið af mörkum við að draga úr umhverfisáhrifum. Sum störf stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda en önnur að aukinni endurvinnslu hráefna, svo dæmi séu tekin. Í nýrri skýrslu UNEP eru græn störf skilgreind þannig að þau dragi úr umhverfisáhrifum atvinnulífsins og nái fram sjálfbærni á endanum. Græn störf eru unnin í landbúnaði, iðnaði, þjónustu og stjórnum og stuðla að varðveislu og endurheimt umhverfislegra gæði.

### Hreinni tækni

Fyrirferðamikil í þessum flokki eru störf tengd endurnýjanlegum orkuauðlindum og betri orkunýtingu, störf tengd endurvinnsluiðnaði og byggingariðnaði sem og störf tengd samgöngum og flutningum. Græn störf liggja þvert á hefðbundnar atvinnugreinar og eru tengd umhverfistækni, hreinni tækni eða stuðla að bættri umhverfisvitund og draga úr umhverfisáhrifum hefðbundinna starfa.

Græn störf byggja á því að fjárfesta í aukinni framleiðni með betri nýtni aðfanga, t.d. orku og hráefna, og komast þannig hjá sóun á aðföngum og fjármagni. Áhersla er á skilvirkni framleiðsluferla, notagildi og skilvirkni í notkun, fjárfest er í lokuðum kerfum og búin eru til verðmæti úr úrgangi. Horft er til náttúrunnar sem byggir á hringrás og afurðir eins verða að aðföngum annars.

### Miklir möguleikar

Fjölmeiri fyrirtæki hérlendis hafa skapað arðbæran rekstur sem byggir á frumlegum lausnum á umhverfisvandamálum, bæta eldri tækni eða kynna nýja tækni, vöru eða þjónustu. Þessi fyrirtæki vinna með umhverfistækni og hafa skapað fjölbreytt græn störf á Íslandi. Samkvæmt áður nefndri skýrslu UNEP er talið að markaður fyrir vörur og þjónustu á umhverfissviði muni tvöfalda fram til 2020. Mestar væntingar eru til vaxtar í orkugeira, samgöngum, endurvinnslu og byggingargeira.

Marorka hannar og framleiðir tölvukerfi sem miðar að lágmörkun olíunotkunar skipa og dregur þannig úr mengun og eldsneytiskostnaði. Fjölblandir er annað fyrirtæki sem vinnur að betri orkunýtni en fyrirtækið framleiðir TCT-eldsneytiskerfi fyrir smávélur sem leiðir til minni útblástursmengunar en þekkist með núverandi kerfum.

Mikill áhugi er á rannsóknunum og þróun tengdri orkugjöfum sem geta komið í stað jarðefnaeldsneytis. Eins og mikið hefur verið fjallað um á undanföllum árum standa Íslendingar framarlega á því sviði varðandi jarðvarmavinnslu og vatnsorku. Dæmi um fyrirtæki sem vinna á því sviði er Jarðboranir.

Icelandic Hydrogen er fyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum tengdum notkun vetnis sem orkugjafa. Fyrirtækið framleiðir tækjabúnað til að framleiða vetni og þjónustar vetnisbifreiðar.

Endurvinnsla úrgangsefna er vaxandi atvinnugrein um heim allan. Það viðhorf að úrgangur sé hráefni á villigötum nýtur vaxandi fylgis. Förgun úrgangs er kostnaðarsöm og henni fylgja ýmis umhverfisvandamál auk þess sem endurvinnsla minnkar þörf á nýjum hráefnum. Nokkur fyrirtæki hérlendis starfa í endurvinnsluiðnaði, Fura málmendurvinnsla starfar að endurvinnslu brotamála, t.d. bíla. Jarðgerð hf. endurvinnur lífrænan úrgang frá íbúum og fyrirtækjum, t.d. úr sláturhúsi, fiskvinnslu og steinullarframleiðslu,



*Græn störf byggja á því að fjárfesta í aukinni framleiðni með betri nýtni aðfanga, t.d. orku og hráefna, og komast þannig hjá sóun á aðföngum og fjármagni.*

og framleiðir moltu. Fyrirtæki sem vinna að söfnun og endurvinnslu hafa komið með nýstárlegar lausnir í söfnun á flokkuðum úrgangi sem henta litlum samfélögum eins og okkar, Íslenska gámafélagið með þrefalt söfnunarkerfi sem var sett upp í Stykkishólmi og græna tunna Gámabjónustunnar.

Dæmi um samstarf fyrirtækja þegar eins úrgangefni verður annars hráefni er samstarf Sementsverksmiðjunnar og Járnblendis. Í sementið er blandað kísilryki til þess að varna skaðlegum alkálíþenslum í steypu og til þess að bæta aðra eiginleika sementsins. Kísilrykið sem notað er í Sementsverksmiðjunni er aukaafurð járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Bláa lónið er líka dæmi um þetta. Heilsulind og snyrtivöruframleiðsla sem byggir á úrgangefnum frá orkuvinnslu.

Sem dæmi um störf sem tengjast mengunarmælingum, hönnun og rekstri á búnaði til að hreinsa mengun má nefna Prókatín sem vinnur að því að þróa búnað sem hreinsar brennistein úr útblæstri jarðvarmaorkuvera með hitakærum örverum.

Oft eru talin til grænna starfa þau sem snúa að því að gera hefðbundinn rekstur umhverfisvænni og tengjast umhverfisstjórnun í fyrirtækjum og visthæfri framleiðslu. Ýmis fyrirtæki hérlendis hafa vottað umhverfisstjórnunarkerfi og bjóða umhverfisvænar vörur og þjónustu; t.d. mbl.is og Actavis. Nokkur fyrirtæki framleiða umhverfisvottaðar vörur, t.d. prentsmiðjan GuðjónÓ. Vaxandi áhugi er á umhverfisvænni hönnun og byggingu mannvirkja og þegar liggja fyrir staðlar og leiðir sem byggjast á grænni hugsun (LEEDS).

Heimsbyggðin stendur frammi fyrir vandamálum sem tengjast hlýnun andrúmsloftsins vegna útblástur gróðurhúsalofttegunda. Uppbygging atvinnulífs á næstu árum mótast af einhverju leyti af þeirri staðreynd.

Íslensk fyrirtæki eiga mikla möguleika á að nýta sér þau tækifæri sem felast í viðleitni til að draga úr mengun og ganga betur um umhverfið.

## Tilbúið eldsneyti

Um allan heim er leitað leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og æ meir er horft til þess að fanga koldíoxíð, binda það í jarðlög eða nýta í framleiðslu á vörum. Þetta getur verið fýsileg leið þar sem losun er staðbundin eins og í orkuframleiðslu eða iðnaði. Hérlendis er horft til þess að binda koldíoxíð frá jarðhitagufum, járnblendi eða álframleiðslu. Það geta legið verðmæti í efnem sem nú er hleypt út í andrúmsloftið. Fyrirtækið **Carbon Recycling International** hefur þróað einstaka tækni til að fanga gastegundir úr jarðhitagufum eða iðnaðarframleiðslu og framleiða eldsneyti sem nýta má á bifreiðar. Tilraunir hafa verið gerðar með þessa tækni í Svartsengi.



## Máttarstólpar iðnaðar

**Í iðnaði er fjölbreytt flóra fyrirtækja í ólíkum atvinnugreinum. Allt frá einyrkjum í þjónustugreinum og hefðbundnum iðngreinum upp í stærstu og framsæknustu fyrirtæki landsins sem eru starfrækt víða um heim. Þrátt fyrir að vera innbyrðis ólík er þó fleira sem tengir þau saman en greinir þau að. Hagsmunir í mikilvægustu málaflokkum er snúa að starfsskilyrðum iðnaðarins eru í öllum meginatriðum þau hin sömu. Öðru fremur snúa þau að stöðugleika í verðlagi og á vinnumarkaði, lágum vöxtum og stöðugu gengi.**

Í þeim erfiðleikum sem nú steðja að íslensku atvinnulífi er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvar hagsmunirnir eru mestir, hvar alvarlegasti vandinn steðjar að. Iðnaðurinn skapar um fjórðung landsframléiðslunnar, veitir um fimmtungi vinnufærra manna vinnu í landinu og aflar um 40% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Þessi hlutföll hafa haldist býsna stöðug undanfarna áratugi þótt innbyrðis samsetning hafi breyst verulega.

### Þróttmikil mannvirkjagerð

Á hverjum tíma ræðst mikilvægi atvinnugreinar ekki síst af framlagi hennar til landsframléiðslunnar. Það framlag felst í samtölu launa, vaxtagjalda og hagnaðar til eigenda fyrirtækjanna. Frá árinu 1987 hefur byggingariðnaður og mannvirkjagerð að jafnaði lagt til rúmlega 8% af verðmætasköpun í landinu en á sama tíma hefur um 7,3% vinnufærs fólks starfað í greininni. Á meðan uppsveiflan í þjóðarþúskapnum stóð sem hæst á árunum 2005-2006 var framlag byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar veigamikil. Ríflega 10% af verðmætasköpun hagkerfisins átti rætur að rekja til greinarinnar, meira en tvöfalt meira en sjávarútvegur og nokkru meira en öll fjármálaþjónusta og tryggingastarfsemi. Snemma árs 2008 er talið að fjöldi starfsmanna í greininni hafi verið tæp 16 þúsund. Á árunum 1987 til ársins 2003 var starfsmannafjöldi nokkuð

stöðugur á bilinu 10-12 þúsund og var aukningunni mætt að mestu með erlendu starfsfólki. Þessar miklu sveiflur eru til marks um mikinn sveigjanleika í greininni og getu hennar til að mæta breyttum aðstæðum.

### Snarpur samdráttur

Þegar tók að hægja á efnahagslífinu snemma árs 2008 var einsýnt að nokkuð myndi hægja á greininni og starfsmannafjöldi myndi líklega færast nær langtíma-meðaltali. Fasteignamarkaðurinn var þegar tekinn að kólna verulega en fáir sáu fyrir þann alvarlega samdrátt sem efnahagslífið er nú komið í. Samdrátturinn er hvergi eins harður og í byggingariðnaði. Tölur um atvinnuleysi í greininni, frosthörkur á fasteignamarkaði og deyfð í opinberum framkvæmdum fela í sér skýran vitnisburð um þetta atriði. Áhrif samdráttar í byggingariðnaði hafa síðan margvísleg áhrif á önnur svið iðnaðar og atvinnulífsins í heild sinni. Í ljósi stærðar greinarinnar og hins mikla fjölda manna sem í henni starfar verða aðgerðir til stuðnings atvinnulífinu að taka mið af þessum þáttum.

Mikilvægi þess að standa sérstaklega vörð um byggingariðnað er margþætt. Í fyrsta lagi mun niðursveiflan taka enda. Þá þarf að vera til staðar öflugur iðnaður sem getur staðið undir frekari uppbyggingu á öðrum sviðum atvinnulífsins. Í öðru lagi býr mikill mannauður og þekking í greininni sem mikilvægt er að glattist ekki. Í þriðja lagi er greinin það stór að alvarlegur samdráttur í henni kemur niður víða annars staðar í hagkerfinu.

### Nýsköpun er ekki allt

Auðvitað er geta hins opinbera til fjárfestinga skert en hægt er að búa til fjárfestingahvata fyrir einkageirann og sveitarfélög í landinu bæði á sviði nýframkvæmda og viðhalds. Einnig þarf að hafa í huga að frá samfélagslegum sjónarhóli er afar óhagkvæmt



*Í þeim erfiðleikum sem nú steðja að íslensku atvinnulífi er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvar hagsmunirnir eru mestir.*

að borga fólki fyrir að gera ekki neitt í gegnum atvinnuleysisbætur. Mikilvægasta atriðið snýr auðvitað að almennum starfsskilyrðum s.s. vöxtum og stöðugleika – um leið og þau komast í lag batnar hagur allra, líka byggingariðnaðarins. Ein alvarleg afleiðing aðgerðaleyfis getur orðið stóraukin ásókn í svarta atvinnustarfsemi með tekjutapi fyrir ríkissjóð og öðrum alvarlegum afleiðingum.

Í umræðum um endurreisn atvinnulífsins ber mikið á hugmyndum um nýsköpun, mikilvægi þess að fjárfesta í menntun og auka fé rannsókna og þróunar. Samtök iðnaðarins hafa raunar staðið framarlega í slíkum málf lutningi. Ef eingöngu er horft til fjölda fyrirtækja og starfsmanna þeirra er ekki síður mikilvægt að standa vörð um mannaflsfrækustu iðngreinarnar. Þeirri fjölbreyttu flóru fyrirtækja sem fellur undir iðnað má líkja við heilan skóg. Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahag þjóðarinnar er alls ekki nóg að gróðursetja ný tré og rækta fleiri skóga. Vökva verður trén sem enn standa og standa vörð um verðmæt störf.



## Íslensk verk- og tækniþekking má ekki glatast

Undanfarið hafa verið mikill breytingartími í íslensku mannvirkjagerð. Ekki einungis hefur atvinnugreinin þanist út og aukið framleiðslugetuna heldur einnig hitt sem er í raun merkilegra og mikilvægara að verk- og tækniþekking íslenskra verktaka hefur margfaldast. Með aukinni verk- og tækniþekkingu hafa íslensk verktakfyrirtæki tekið að sér sífellt flóknari og meira krefjandi verkefni.

Nú dregur hratt saman á markaðinum og því búa verktakar sig undir samdráttarskeið með því að hagræða og draga úr umsvifum. Ljóst er að ekki munu öll fyrirtæki í greininni lifa af þær hremmingar sem fram undan eru og margvísleg verðmæti munu fara í súginn.

**Gunnar Sverrisson, forstjóri ÍAV,** telur mikilvægt að varðveita verk- og tækniþekkinguna sem varð til á liðnum árum. „Hún má ekki týnast meðan við biðum þess að birtu á markaðinum að nýju. Til að varðveita

þessi miklu verðmæti er brýnt að fyrirtækin lifi af niðursveifluna. Lykilatriði til að létta mönnum róðurinn er að gengisskráning verði viðunandi, vextir lækki og fjármálastofnanir fari að þjónusta fyrirtækin með eðlilegum hætti. Hið opinbera, bæði ríki og sveitarfélög, þarf að ganga á undan með góðu fordæmi og ráðast í arðbær verkefni.“

Það er forgangsmál að búa svo um hnútana að íslensk þekkingarfyrirtæki á sviði mannvirkjagerðar hafi einhver verkefni á meðan lægðin í efnahagskerfinu gengur yfir því annars er hættu á að mikil þekkingarverðmæti fari í súginn en takist það mun íslensk mannvirkjagerð rísa á ný og halda áfram að byggja okkur betra Ísland.



## Nýsköpun og þróun sem aflvaki framfara

**Rannsóknir og öflugt þróunarstarf skiptir sköpum fyrir samkeppnisstöðu og velsæld þjóða. Öflugt nýsköpunar- og þróunarstarf er forsenda framfara í öllum fyrirtækjum óháð því í hvaða starfsgrein þau eru. Íslensk fyrirtæki og þekkingarsamfélag standa frammi fyrir þeirri ögrun að skapa ný verðmæti og hagvöxt til að mæta þeim mikla efnahagssamdrætti sem landið og hinn vestræni heimur er að fara í gegnum á komandi árum.**

Stjórnvöld hafa með stefnu Vísinda- og tækniráðs sett sér þau markmið að hvetja til árangursríkrar samvinnu ólíkra aðila innanlands og í alþjóðlegu samhengi og yta undir verðmætasköpun og fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu. Fyrirtækin hafa einnig aukið fjárfestingar sínar í nýsköpun og stuðningi við háskóla og menntastofnanir.

### Efla rannsóknarsjóði

Athuganir á árangri í nýsköpun benda til þess að aukið fjármagn frá hinu opinbera hafi ekki skilað sér í aukinni veltu og útflutningi. Um 90% af opinberum fjármunum til rannsókna og nýsköpunar á Íslandi er ráðstafað beint af fjárlögum til háskóla og stofnana án samkeppni um verkefni. Til samanburðar er meira en 50% af slíkum fjármunum ráðstafað í gegnum samkeppnissjóði í Finnlandi. Hlutdeild einkageirans í þessum fjármunum er lítil á Íslandi eða innan við 5%. Efling rannsóknarsjóða og aukin áhersla á verðmætasköpun við úthlutun styrkja gæti bætt verulega úr þessu.

Þrátt fyrir framangreint ójafnvægi í fjármögnun hefur hátæknigeirinn vaxið frá því að vera vart mælanleg stærð í íslensku efnahagslífi til þess að vera einn af helstu vaxtarsprotum þess. Samtök iðnaðarins hafa verið óþreypandi við að benda á mikilvægi nýsköpunar- og þróunarstarfs í fyrirtækjum og uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja sem nýs vaxtarbroddar í iðnaði. Í

hátækniskýrslum, sem SI gáfu út 2005, kemur fram að hlutur hátæknivöru og þjónustu var orðinn um 4% af landsframleiðslu og 7% af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar.

Ný fyrirtæki hafa rutt sér til rúms með nýjar vörur og þjónustu. Þá hefur orðið umtalsverð nýsköpun og vöruþróun í hefðbundnum iðnaði og mannvirkjagerð og eldri fyrirtæki hafa gengið í endurnýjun lífdaga. Nýir þekkingarklasar hafa orðið til og nýjar greinar skotið rótum, s.s. á sviði líftækni, orkutækni, heilbrigðis- og upplýsingatækni. Gróska í þessum greinum hefur líklega aldrei verið meiri, eins og sést af fyrirtækjum á borð við Marel, Össur, Actavis, CCP og fjölda minni fyrirtækja sem byggja á tækni og sérþekkingu á sínum sviðum.

### Tryggja fjármögnun

Vöxturinn hefur verið mismikill milli ára en ljóst er að síðustu 3-4 ár hafa verið hátækni- og sprotafyrirtækjum erfið hér á landi. Óhagstæð vaxtarskilyrði og ofhitnun í efnahagslífinu leiddu til þess að minni fyrirtækin urðu ýmist að draga saman seglin eða voru seld erlendum aðilum. Öflugustu fyrirtækin sóttust í vaxandi mæli eftir að byggja upp starfsemi sína erlendis þar sem vaxtarskilyrðin voru betri.

Ástæður þessa má í fyrsta lagi rekja til þess að vinnumarkaðurinn var orðinn mjög spenntur og hátækni- og srotafyrirtæki áttu erfitt með að laða til sín hæft fólk, m.a. vegna samkeppni við fjármálafyrirtæki. Í öðru lagi var gengisþróun krónunnar óhagstæð þegar henni var haldið uppi með háum vöxtum. Í þriðja lagi var öll fjármögnun nýsköpunar erfið enda soguðu fjármála- og útrásarfyrirtæki til sín mikið af fjármagni.

Segja má að með tilkomu fjármálakreppunnar hafi nokkuð ræst úr tveimur af þessum þrem þáttum. Nóg er til af góðu og hæfu fólk og gengi krónunnar er hagfellt fyrir útflutning. Hins vegar er ein af forsendum þess



*Hátæknifyrirtæki eru, samkvæmt skilgreiningu OECD, fyrirtæki sem skráð eru innan þeirra fimm atvinnugreinaflokka sem að meðaltali leggja mest til rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem hlutfall af veltu. Miðað er við að árlegur þróunarkostnaður hátæknifyrirtækja sé að jafnaði yfir 4% af veltu óháð því í hvaða atvinnugrein fyrirtækið starfar.*

*Sprotafyrirtæki eru skilgreind sem hátæknifyrirtæki og eru venjulega sprottin úr rannsóknar- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi. Miðað er við að árlegur þróunarkostnaður sprotafyrirtækja sé að jafnaði yfir 10% af veltu.*

*Erfiðleikar í efnahagslífi eru oft mikilvæg uppspretta nýjunga sem hafa fætt af sér framsækin ný fyrirtæki.*

að nýsköpun í atvinnulífinu nái að festa rætur fólgin í stöðugum starfsskilyrðum og þar vantar töluvert upp á. Síðasta atriðið varðar fjármögnun nýsköpunar og þar eru margvísleg vandamál sem brýnt er að leysa úr.

Hafa verður í huga að í þeim efnahagslegu umhleyplingum sem nú ríkja geta mörg ný tækifæri opnast enda ljóst að fjárfestingatækifæri almennt eru af skornum skammti. Slaka sem myndast í efnahagslífinu má virkja til nýsköpunar séu réttu hvatarnir til staðar. Vegna þess skiptir miklu að stjórnvöld nýti sér alla þá hvata sem mögulega er hægt að beita til að örva nýsköpun. Gott dæmi um þetta er ný heimild fyrir Atvinnuleysisstryggingasjóð til að koma að ráðningu nýrra starfsmanna í tengslum við nýsköpun í fyrirtækjum.

Erfiðleikar í efnahagslífi eru oft mikilvæg uppspretta nýjunga sem hafa fætt af sér framsækin ný fyrirtæki. Breyttar aðstæður kalla á nýjar og hagkvæmari lausnir og framleiðsluáferðir en ekki síður á nýtingu áður ónýtttra þátta.

Það er ákaflega mikilvægt að hlúa vel að því atvinnulífi sem enn stendur traustum fótum á Íslandi. Fljótverkasta leiðin til að örva verðmætasköpun og efla útflutning er að treysta í sessi þau fyrirtæki sem eru í fullum rekstri. En það er ekki síður mikilvægt að standa vörð um þau tækifæri sem kunna að vera handan við hornið. Þau sterku tengsl sem ríkja milli hagvaxtar, verðmætasköpunar, velmegunar og nýsköpunar hljóta að beina sjónum okkar að þessum greinum við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja.

Uppbygging sprotta- og hátæknifyrirtækja er langtímaverkefni þar sem yfirstíga þarf ótal hindranir og þekkingarþrautir. Þetta krefst úthalds og þolinmæði þar sem stöðugt þarf að horfa fram á veginn, laga sig að breyttum aðstæðum og hagnýta nýjustu tækni, aðferðir og þekkingu. Þess vegna er mikilvægt að hlúa sérstaklega vel að starfsumhverfi þessara fyrirtækja.

## Hátækni- og sprotavettvangur

Miklar væntingar eru bundnar við samkomulag fjögurra ráðuneyta, SI og samtaka tæknifyrirtækja um svonefndan Hátækni- og sprotavettvang sem hefur það að markmiði að vinna að vegvísi til framtíðar um eflingu og uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi. Lykilverkefni í þeirri uppbyggingu eru:

1. Efla stoðkerfi og uppbyggingarferli hátækni- og sprotafyrirtækja
2. Skattalegir hvatar til fjárfestinga í hátækni- og sprotafyrirtækjum
3. Endurgreiðsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar
4. Uppbygging orðspors á útflutningsmörkuðum

5. Efling samkeppnissjóða sem styðja nýsköpun og erlenda markaðsuppbyggingu fyrirtækjanna – einnig skoða matsreglur

6. Efla tengsl fyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnana

Með tilurð Hátækni- og sprotavettvangs er sköpuð mikilvæg umgjörð um framkvæmd þessara verkefna.

Stoðkerfi íslenskra sprotafyrirtækja er óþarflega flókið. Meiri samhæfingu þarf milli aðila sem sinna ólíkum þörfum þeirra fyrirtækja sem eru að reyna að fóta sig á þróunarbrautinni. Fyrrgreint samkomulag miðar að þessu marki.



## Íslendingar geta lært af reynslu Finna

**Mikilvægt er að nýta sér reynslu annarra við þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi í íslensku efnahagslífi. Fjármála- og efnahagskreppa á sér mörg fordæmi í heiminum. Þegar bankakerfið féll nánast í heild sinni komu upp vel þekkt efnahagsleg vandamál sem nágrannar okkar á Norðurlöndum þurftu að glíma við snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Sérstaklega er reynsla Finna áhugaverð en efnahagskreppan þar í landi sem hófst 1992 minnir um margt á íslenskar aðstæður.**

Í grundvallaratriðum voru þrjár ástæður fyrir kreppunni í Finnlandi. Í fyrsta lagi höfðu bankarnir farið offari í útlánam og skuldsetning fyrirtekja og heimila var mikil. Finnska hagkerfið bar mörg einkenni ofhitunar og eignabólur blésu út. Í öðru lagi voru brotalamir í reglugerðarumhverfi og eftirliti með fjármálastarfsemi. Í þriðja lagi jók á efnahagsvanda Finna að Sovétríkin liðuðust í sundur en þar með stöðvaðist stór hluti útflutningsstarfsemi í Finnlandi.

### Hliðstæður vandi

Þessir þrjú ofangreindir þættir eiga að sínu leyti einnig við um Ísland. Bankakerfið og hagkerfið á Íslandi blés út og eignaverð hækkaði hér. Eftir á að hyggja brást eitthvað í eftirlitinu og síðan vorum við svo óheppin að lenda á sama tíma mitt í alþjóðlegri lánsfjárröppu. Í þessu ljósi er athyglisvert að skoða hvernig Finnland vann sig út úr þeirri röppu sem reið þar yfir.

Árin fyrir kreppuna hafði finnska markinu verið haldið sterku, m.a. til að reyna sporna við verðbólgu. Í nóvember 1991 var látið af þeirri stefnu og gengið fellt. Ári síðar var markið sett á flöt. Þetta gerbreytti útflutningsmynstri þjóðarinnar. Innflutningur dróst saman, útflutningur jókst og árið 1994 varð loksins afgangur á viðskiptum við útlönd. Þannig stóð framleiðsla og útflutningur

Finna sjálfra undir geginu og forsendur sköpuðust fyrir lækkun vaxta. Það ýtti loks undir auknar fjárfestingar og neyslu á ný. Atvinnuleysi var þó mikið og náði hámarki 1994 þegar það mældist 18,4% sem lýsir glögglega hversu djúp kreppan varð í Finnlandi.

### Sömu lausnir

Finnskur iðnaður var tiltölulega einhæfur og byggðist mikið á trjáiðnaði. Þegar kreppti að í þeim geira gátu önnur svið atvinnulífsins ekki vegið upp á móti. Þessi staðreynd leiddi til þess að stóraukin áhersla var lögð á rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Í kjölfarið spruttu upp nýjar greinar, einkum í upplýsingatekni og fjarskiptum, sem urðu leiðandi í endurreisn efnahagslífsins. Þróunin hélst einnig í hendur við stóraukna áherslu á menntamál.

Niðursveiflan í efnahagslífinu olli erfiðleikum í flestum atvinnugreinum. Þær greinar sem stóðu af sér óveðrið mættu sterkari en áður til leiks. Erfiðleikar hafa tilhneigingu til að draga fram sterka sjálfsbjargarviðleitni og aukna hagræðingu í rekstri.

Finnland gekk í Evrópusambandið árið 1995. Eftir hrun Sovétríkjanna þurftu Finnar að beina viðskiptum sínum í auknum mæli til Evrópu. Áður voru Finnar aðilar að EFTA og almennt viðhorf var að aðild að Evrópusambandinu bryti í bága við hlutleysi Finna. Fall viðskipta í austri breytti þessu viðhorfi. Eitt helsta aðráttarafi Evrópusambandsins var í hugum Finna sú staðreynd að efnahagslegur stöðugleiki, hólæg verðbólga og lágir vextir voru markmið sambandsins. Efnahags saga Finnlands hafði einkennst, líkt og á Íslandi, af mikilli verðbólgu, háum vöxtum og gengisfalli. Aðild Finnlands hefur gerbreytt rekstrarumhverfi fyrirtekja og stækkað heimamarkað atvinnulífsins. Hins vegar gerði aðildin ríkari kröfur til fyrirtekja á þann veg að aðstæður til samkeppni breyttust vegna þess að nú kepptu þau



*Nauðsynlegt er að stórauka útflutning og að sama skapi draga úr innflutningi. Einungis þannig mun takast að greiða niður þær skuldir sem blasa við þjóðinni og tryggja viðunandi lífskjör í landinu.*

eftir sömu leikreglum og önnur fyrirtæki í Evrópu. Aðildin stuðlaði að breyttum áherslum í ríkisfjármálum og jók kröfur til aðhalds á því sviði. Samtök atvinnurekenda og verkalyðsfélög studdu aðild eindregið þótt bændur væru upp til hópa andsnúnir henni.

Í Finnlandi telja margir að ekki hafi verið brugðist við efnahagskreppunni með nógu markvissum hætti og að hægt hefði verið að bjarga mun fleiri arðvænum fyrirtækjum. Þess vegna hafi atvinnuleysi orðið mun meira en ella hefði orðið.

Í þessu ljósi ætti að vera forgangsverkefni hér á landi að standa vörð um vænleg fyrirtæki og fjárhag heimilanna. Slíku markmiði verða að fylgja raunhæfar aðgerðir. Reynsla Finnlands af aðild að Evrópusambandinu gefur sterklega til kynna að það hafi verið mikilvægur hlekkur í endurreisn efnahagslífsins þar í landi. Breytingar í efnahagsumhverfi og aðstæðum þjóðarinnar kalla á breytta afstöðu til ýmissa mála. Skynsamleg viðbrögð við efnahagsvandnum geta styrkt efnahag Íslands til langs tíma litið. Reynsla Finna getur orðið Íslendingum mikilvægur leiðarvísir.

## Útflutningur og verðmætasköpun

Eftir þau áföll sem Íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir á undanföllum mánuðum er ljóst að fram undan er mikið uppbyggingarstarf og nauðsynlegt er að breyta um áherslur. **Hörður Arnarson, forstjóri Marel**, segir nauðsynlegt að stórauka útflutning og að sama skapi draga úr innflutningi. Einungis þannig muni takast að greiða niður þær skuldir sem blasa við þjóðinni og tryggja viðunandi lífskjör í landinu.

Til lengri tíma litið þurfi lífskjörin hér eins og annars staðar að byggjast á þeim tekjum sem við öflum en ekki á þeim lánum sem við höfum aðgang að, eins og verið hefur undanfarin ár. Það sé því mikilvægt að hlúa vel að öllum útflutningsgreinum, hvort sem um er að ræða fiskvinnslu, iðnað eða ferðaþjónustu, og leggja þarf áherslu á nýsköpun og raunverulega verðmætasköpun.

„Þrátt fyrir þau erfiðu skilyrði sem við búum nú við hefur staða útflutningsfyrirtækja á Íslandi batnað að ýmsu leyti. Rekstrarumhverfi þeirra hefur um nokkurra ára skeið verið ákaflega óhagstætt. Sérstaklega hefur hágangsstefnan gert þeim erfið fyrir en gengi krónunnar hefur verið skráð langt yfir eðlilegu jafnvægisgengi. Fyrirtæki hafa þurft að bregðast við með sífellðri hagræðingu í rekstri og flest hafa dregið úr umsvifum í rekstri á Íslandi.“

Hörður telur að í dag horfi fyrirtæki fram á mun hagstæðari rekstrarskilyrði. Veiking krónunnar, sem eigi vonandi eftir að rata í eðlilegt jafnvægisgengi, valdi því að útflutningur er samkeppnishæfari og skilar hærri tekjum. Vegna þeirrar miklu hagræðingar og

aðhaldssemi sem fyrirtækin hafa þurft að grípa til skili þessi tekjuaukning strax stórbættri afkomu.

Hörður segir vöxt útflutningsgreina á Íslandi ráðast af samkeppnishæfni landsins og að í því tilliti stöndum við að mörgu leyti vel. Við höfum á hæfu og velmenntuðu vinnuafli að skipa, frumkvöðlamenningu og hagkvæmu skattaumhverfi fyrirtækja. Hins vegar sé einkum þrennt sem er okkur fjötur um fót: staða Íslensku krónunnar, veikburða innlent bankakerfi og orðspor Íslendinga í alþjóðlegum viðskiptum.

„Þessi mál verður að leysa til lengri tíma litið og skapa skýra framtíðarsýn um það hvert við stefnum í þeim efnum. Eina raunhæfa leiðin til að takast á við þessi vandamál er innganga í ESB og upptaka evru. Ef sú leið verður ekki valin er fyrirsjáanlegt að það verði eingöngu vöxtur hér á landi í þeim útflutningsgreinum sem byggja á náttúruauðindum landsins og þurfa því nauðsynlega að vera hér á landi. Vöxtur annarra útflutningsfyrirtækja mun eiga sér stað annars staðar en á Íslandi, eins og raunin hefur verið undanfarin ár.“

Í ljósi þess vanda sem Íslendingar hafa ratað í ættu stjórnvöld einnig að íhuga sérstakar aðgerðir sniðnar að þörfum hverrar útflutningsgreinar fyrir sig og leitast við að bjóða upp á skilyrði sem jafnast á við það besta sem fyrirfinnst í nágrannalöndum okkar. Markmið slíkra aðgerða ætti að vera að auka þann virðisauka sem stærstu útflutningsgreinarnar skilja eftir á Íslandi um a.m.k. 20% á ári næstu þrjú árin.

## Stærsti skellurinn eða verulegt frávik?

**Öllum er ljóst að þau efnahagslegu umskipti sem nú standa yfir eru mikil og hröð. Fyrr á árinu var ljóst að hægja myndi á efnahagsstarfseminni eftir nokkurra ára kröftugt hagvaxtarskeið. En á örskotsstundu féll bankakerfið og krónan – hagkerfi sem var á leið í mildan samdrátt breytti snögglega um stefnu og er nú á leið í alvarlega kreppu með áður óþekktu atvinnuleysi.**

Hagspár gera ráð fyrir að landsframleiðsla geti dregist saman um 8-10% á næsta ári en svo mikill samdráttur hefur aldrei mælst hér á landi. Margir telja að Íslendingar séu að ganga í gegnum alvarlegustu kreppu fyrr og síðar. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að bera ástandið saman við Móðuharðindin. Slíkur samanburður er langsóttur. Vissulega er skellurinn mikill en hann verður að skoða í ljósi þess með hvaða hætti íslenska hagkerfið hefur þróast síðustu áratugi og sérstaklega síðastliðin 3-4 ár.

### Skin og skúrur

Efnahagslífið einkennist af hagsveiflum þar sem skiptast á skin og skúrur. Raunar er orðið hagsveifla misvísandi því það gefur til kynna að um reglubundið fyrirbæri sé að ræða. Svo er alls ekki enda er tíðni og dýpt hagsveiflna misjöfn. Á Íslandi má greina um átta sveiflur frá árinu 1940. Samdráttarskeið hafa lengst varað í 5-6 ár niður í snarpan eins árs samdrátt. Uppgangsskeiðin hafa tilhneigingu til að vara lengur eða að meðaltali í 4-5 ár. Grunnorsök sveiflna í þjóðarbúskap Íslendinga virðist liggja í skellum af margvíslegum toga, bæði jákvæðum og neikvæðum. Aflabrestur eða verðfall á sjávarafurðum var lengi vel frumorsök þess að hægði á efnahagslífinu. Algeng orsök uppsveiflu liggur í miklum fjárfestingum.

Uppgangur hagkerfisins til langs tíma mótast af nýtingu grunnþátta á borð við mannauð, náttúruauðlindir,

tæknistig, fjármunastofn og stofnanaumhverfi. Langtímaeðalhagvöxtur lýsir þessari leið – stundum nefnt langtímaleitni. Hagsveiflur má líta á sem skammtímafrávik frá þessari leið. Einkenni þróaðra hagkerfa er að smám saman hægir á langtímahagvexti. Orsökina er sú að fátæk lönd hafa einfaldlega meira svigrúm til að vaxa hlutfallslega hraðar en þau sem ríkari eru.

### Mikið frávik

Líta þarf á þá niðursveiflu sem nú stendur í ljósi uppsveiflu undangenginna ára. Síðustu 3-4 ár hafa á margan hátt verið óvenjuleg. Alþjóðlegir fjármálamarkaðir buðu fram nóg af lausu fé, vextir voru lágir og aðgangur að lánsfé virtist takmarkalaus. Við slíkar aðstæður eru bestu fjárfestingarmöguleikar nýttir fyrst en smám saman fækkar góðum fjárfestingakostum. Á sama tíma og vextir voru lágir víðast hvar í heiminum horfðu ráðamenn á Íslandi fram á mikinn uppgang í efnahagslífinu og hækkuðu vexti til að sporna við verðbólgu. Þrátt fyrir það hækkaði eignaverð gífurlega, bæði húsnæði og hlutafé, og peningastefnan hafði þverföng á hrif en til var ætlast. Munur á innlendum og erlendum vöxtum jókst stöðugt sem sogaði til landsins gífurlegt erlent lánsfé. Gengi krónunnar styrktist langt umfram það sem eðlilegt gat talist og einkaneysla jókst stórkostlega, enda innfluttar vörur á útsölu. Að stórum hluta var góðærið fjármagnað með lánsfé. Um leið og sky dró fyrir sölu á erlendum fjármálamörkuðum brast trúin á krónuna og á íslenska fjármálakerfið sem vaxið hafði með ævintýrlegum hraða. Afleiðing þessa blasir nú við.

Síðustu ár hafa einkennst af vexti sem var langt umfram það sem hagkerfinu er eðlislægt – vélin gekk á umframafköstum og hagkerfið var yfirspennt. Vöxturinn var langt umfram langtímahagvöxt, framleiðslan meiri en framleiðslugetan. Tilraunir Seðlabankans til að létta á spennunni snerust upp í andhverfu sína. Ýmsar



*Vissulega eru erfiðir tímar fram undan og verulegur samdráttur í þjóðarbúskapnum. En við erum hins vegar ekki að beygja svo langt frá markaðri leið og miklu minna en tölur um samdrátt gefa til kynna.*

stjórnvaldsákvæðanir, s.s. ótímabærar skattalækkunir og hækkun lánsfjárlutfalla Íbúðalánasjóðs, verkuðu sem olíu væri hellt á eld.


Þetta þýðir jafnframt að fallið frá hæsta punkti uppsveiflunnar á árunum 2004-2007 niður á botn niðursveiflunnar árið 2009 er hátt. En frávikið frá langtímaleitni hagkerfisins er alls ekki eins mikið og fyrirjábanlegur samdráttur gefur til kynna. Auðvitað liggur ekki fyrir hver hagþróun næstu ára verður en hér er byggt á hagspám fjármálaráðuneytisins og Alþjóða gjaldeyrisjóðsins. Sögulega hafa niðursveiflur verið talsvert dýpri og lengri en spár gera ráð fyrir að sú sem við stöndum frammi fyrir núna verði. Til að meta umfang niðursveiflunnar má líta á vísitölu landsframleiðslu frá árinu 1940 allt til ársins 2013. Fyrir árin 2008-2013 er stuðst við hagspár Alþjóðagjaldeyrisjóðsins. Til að taka út áhrif veldisvaxtar er tekinn náttúrulegur logri af vísitölunni og notuð Hodrick-Prescott sía í því skyni að greina á milli skammtímasveiflna í hagkerfinu og langtímaleitni.

Þetta sést vel á myndinni. Það sem magnar upp samdrátt er sú staðreynd að síðastliðin 3-4 ár hefur hagkerfið verið þanið og hagvöxtur hér á landi langtum meiri en fær staðist til lengdar. Gífurlegur viðskiptahalli gefur til kynna að hagvöxturinn hafi að verulegu leyti verið fenginn að láni frá útlöndum auk þess sem einkaneysla blindaðist af sterkri krónu og miklum auðsáhrifum.

Vissulega eru erfiðir tímar fram undan og verulegur samdráttur í þjóðarbúskapnum. En við erum hins vegar ekki að beygja svo langt frá markaðri leið og miklu minna en tölur um samdrátt gefa til kynna. Ástæðan fyrir því liggur fyrst og fremst í því að síðustu ár hefur efnahagslegur styrkur þjóðarinnar vaxið og atvinnuvegir orðið fjölbreyttari. Hagkerfi sem stendur á fleiri stöðum getur miklu betur tekist á við vandamál en áður.

Það er því full ástæða til að ætla að hagkerfið geti verið nokkuð fljótt að jafna sig og komast aftur inn á langtímaþrautina.

## Hagsveiflur á Íslandi 1940-2013



Mælt sem frávik frá langtímaleitni landsframleiðslu

## Margþættur ávinningur af því að velja íslenskt

**Íslenskur iðnaður stendur á tímamótum. Síðustu ár hafa einkennst af spennu í hagkerfinu og margar greinar iðnaðarins hafa vaxið hratt, einkum byggingariðnaður. Gengi krónunnar var haldið uppi með handafli og ódýrt lánsfjármagn og innfluttar vörur flæddu til landsins. Á þeim tíma sem góðærið stóð sem hæst áttu margar hefðbundnar greinar íslensks iðnaðar undir högg að sækja. Allur útflutningsiðnaður leið fyrir sterkt gengi og háan fjármagnskostnað og þær greinar sem kepptu við innflutning voru illa samkeppnishæfar. Almennt voru aðstæður í efnahagslífinu þó góðar, atvinnuleysi ekkert og kaupmáttur hár.**

Umskiptin í efnahagslífinu hafa gerbreytt þessari mynd. Annars vegar hefur samkeppnishæfni íslensks iðnaðar batnað verulega með lækkanði gengi krónunnar. Á hinn bóginn hefur almenn eftirspurn minnkað og atvinnuleysi aukist. Við þau skilyrði er ekkert mikilvægara en að standa vörð um störfin í landinu. Það er best gert með því að beina viðskiptum til íslenskra fyrirtækja og kaupa íslenskar vörur. Við það sparast mikilvægur gjaldeyris sem annars færi til kaupa á innfluttari vörum. Ekki er síður mikilvægt að standa vörð um þær greinar atvinnulífsins sem afa þjóðarbúinu gjaldeyris.

### Mikilvægur virðisauki

Sú spurning vaknar oft hvenær vara sé íslensk. Vegna smæðar okkar erum við háð margvíslegu hráefni til framleiðslu. Málmar, timbur og ýmis hráefni til matvælagæðar verðum við að flytja inn. Það er því ekki til einhlítt svar við því hvenær vara telst vera íslensk. Almennt má þó segja að um leið og hráefnum er umbreytt á Íslandi í verðmætari afurð geti hún talist íslensk. Við þetta verður til innlendur virðisauki sem felst í því að launagreiðslur renna til starfsmanna sem vinna

við framleiðsluna og reksturinn skilar eigendum arði. Allt verður þetta eftir í íslenska hagkerfinu.

Ekki má gleyma því að þegar framleiðsla á sér stað á Íslandi verða líka eftir skattar og opinber gjöld. Þegar kreppir að í efnahagslífinu er mikilvægt að viðunandi hluti af veltu fyrirtækjanna skili sér til sameiginlegra sjóða sem standa undir samneyslunni. Þegar íslensk framleiðsla verður fyrir valinu hækkar þetta hlutfall verulega.

Í seinni tíð hefur mikilvægi þess að standa vörð um umhverfið aukist verulega. Brýnt er að stuðla að því að dregið sé eins og kostur er úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda sem eru taldar valda hlýnun andrúmsloftsins. Íslensk framleiðsla dregur úr flutningum á vörum milli landa en flutningastarfsemi veldur talsverðum útblæstri. Framleiðsla á Íslandi nýtir sér einnig vistvæna orku enda veldur raforkuframleiðsla á Íslandi engum útblæstri. Þannig stuðlar val á íslenskum vörum að betra umhverfi.

### Hagkvæmnin ræður

Auðvitað er réttmætt að velja bara ódýrasta kostinn óháð uppruna hans. Hins vegar er ódýrasti kosturinn ekki endilega sá hagkvæmasti heldur verður að meta gæði og aðra þætti. Lykilatriði er að fólk standi frammi fyrir frjálsu vali. Frá hagrænu sjónarmiði velur fólk þá vöru sem best uppfyllir þarfir þess. Í hugum margra felast viss verðmæti í því að velja íslenskar vörur og standa þannig vörð um íslenskt atvinnulíf. Núna eru aðstæður þannig að íslenskar vörur eru hlutfallslega ódýrari og samkeppnishæfari vegna þess hve gengi krónunnar er veikt. Auðvitað er enginn ávinningur í því að halda úti framleiðslu á Íslandi sem stenst engan veginn verðsamkeppni við innfluttar vörur. Í árána rás hefur margvíslegur framleiðsluiðnaður lagst af og flust til



*Íslenskur iðnaður hefur metnað og burði til að vera í fararbroddi hagvaxtar og velmegunar almennings.*

láglaunasvæða í Austur-Evrópu eða Asíu. Raunar þreifst slíkur iðnaður stundum í skjóli verndar. Ef frá eru taldar vissar landbúnaðarafurðir heyrir slíkt sögunni til.

Í framtíðinni munu lífskjör okkar ráðast af getu okkar til að framleiða eftirsóttar vörur og þjónustu. Öflugur útflutningsiðnaður og samkeppnishæf framleiðsla á margvíslegum afurðum mun ákvarða framleiðslustigið og þar með velmegun. Íslenskur iðnaður verður í fararbroddi hagvaxtar og velmegunar almennings.



## Störf og gjaldeyri

Kaffibaunir vaxa ekki á Íslandi, engu að síður getum við sparað gjaldeyri og veitt fjölda fólks vinnu með því að flytja inn hráar baunir og brenna og mala hér á landi. Nú eru reknar 4 kaffibrennslur á landinu. Samanlögð markaðshlutdeild þeirra er aðeins um 31%. Hjá þessum kaffibrennslum starfa um 100 manns við framleiðslu og dreifingu. Auk þess reka sum þessara fyrirtækja kaffihús þar sem starfar annar eins fjöldi eða fleiri. Þar fyrir utan kaupa fyrirtækin ýmiss konar þjónustu, svo sem hönnun og framleiðslu á umbúðum og kössum, hönnun og prentun á kynningarefni, flutning, auglýsingar í ljósvakamiðlum, viðhald á tækjum, búnaði og húsnæði og svo mætti lengi telja. Allt skapar þetta vinnu fyrir íslenskt fagfólk um leið og við spörum dýrmætan gjaldeyri. Árið 2007 var flutt inn brennt og malað kaffi fyrir 620 milljónir króna en kaffi til brennslu og mölunar fyrir 192 milljónir. Ef allir Íslendingar keyptu aðeins íslenskt kaffi gætum við því sparað 200 milljónir af gjaldeyri.



Veljum íslenskt

